




Landsskipulagsstefna 2015-2026

Greining valkosta og umhverfisáhrifa

Ágúst 2014



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Hvað er landskipulagsstefna?	1
1.2	Hvað er valkostagreining	2
1.3	Hvað felst í umhverfismati?	3
1.4	Vinna við greiningu valkosta og umhverfismat	3
1.5	Framsetning valkosta og umhverfismats	5
2	Valkostir	6
2.1	Miðhálandið	6
2.2	Dreifbýli	9
2.3	Búsetumynstur	12
2.4	Haf- og strandsvæði	15
3	Umhverfismat	18
3.1	Umhverfismat valkosta fyrir miðhálandið	18
3.2	Umhverfismat valkosta fyrir dreifbýli	35
3.3	Umhverfismat valkosta fyrir búsetumynstur	52
3.4	Umhverfismat valkosta fyrir haf- og strandsvæði	69
	Viðauki – Þátttakendur í faghópum	86
	Heimildir	87

1 Inngangur

Þessi skýrsla er liður í vinnuferli við mótun *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og er jafnframt unnin samkvæmt lögum um umhverfismat áætla¹. Tilgangurinn er að greina og bera saman mögulega valkosti fyrir einstök viðfangsefni landsskipulagsstefnu. Skilgreining valkosta og umhverfismat þeirra var unnið af faghópum Skipulagsstofnunar í mars til maí 2014 og eru hér dregnar saman helstu niðurstöður úr þeirri vinnu.


1.1 Hvað er landsskipulagsstefna?

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga. Þar er mörkuð stefna um skipulagsmál sem er ætlað að tryggja heildarhagsmunum við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð. Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um nýtingu lands. Umhverfis- og auðlindaráðherra felur Skipulagsstofnun gerð tillögu að landsskipulagsstefnu, en samkvæmt skipulagslögum leggur ráðherra fram tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til 12 ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum.

Í lok október 2013 fól umhverfis- og auðlindaráðherra Skipulagsstofnun að hefja vinnu við *Landsskipulagsstefnu 2015-2026*. Stofnunin kynnti í febrúar 2014 *Lýsingu* þar sem gerð var grein fyrir þeim áherslum sem ráðherra lagði fyrir vinnuna og hvernig fyrirhugað væri að standa að gerð landsskipulagsstefnu. Í febrúar og mars voru jafnframt haldnir samráðsfundir þar sem leitað var eftir hugmyndum og ábendingum fyrir landsskipulagsvinnuna. Frá þeim tíma hafa faghópar á vegum Skipulagsstofnunar unnið að greiningu valkosta og umhverfismati, sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu. Jafnframt hefur Skipulagsstofnun unnið að skýrslu um skipulagsmál á Íslandi – lykilmælikvarða og

fyrirliggjandi áætlanir, sem kynnt er samhliða þessari skýrslu. Áætlað er að tillaga að landsskipulagsstefnu verði auglýst til kynningar í október/nóvember 2014 og að tillaga til þingsályktunar um *Landsskipulagsstefnu 2015-2026* verði lögð fram á Alþingi í byrjun árs 2015. Gert er ráð fyrir að landsskipulagsstefnu sé framfylgt í gegnum skipulagsáætlanir sveitarfélaga (svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag), en hún getur einnig haft áhrif á áætlanir stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun. Auk þess getur hún falið í sér áform um verkefni, svo sem leiðbeiningar- eða þróunarverkefni, til að hrinda tilteknum markmiðum stefnunnar í framkvæmd.

Landsskipulagsstefna byggir á markmiðum skipulagslaga og áætlunum opinberra aðila, meðal annars stefnumótun stjórnvalda um sjálfbæra þróun, auk greiningar á stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Eftir því sem við á tekur landsskipulagsstefna einnig mið af svæðis- og aðalskipulagi sveitarfélaga.



¹ Á þessu stigi er um að ræða umhverfismat þeirra valkosta sem greindir hafa verið við undirbúning að mótun Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þegar endanleg tillaga að landsskipulagsstefnu liggur fyrir verður hún ásamt umhverfisskýrslu auglýst í samræmi við 7. grein laga um umhverfismat áætla.


1.2 Hvað er valkostagreining

Við gerð landsskipulagsstefnu er leitast við, eftir því sem kostur er, að beita skilgreindum hlutlægum aðferðum við mótun stefnunnar, svo sem með greiningu valkosta um stefnu út frá tilteknum sviðsmyndum. Markmið valkostagreiningarinnar er að draga fram og skilgreina helstu kosti sem koma til greina fyrir viðfangsefni landsskipulagsstefnu. Almennt er slík aðferðafræði nýtt við stefnumótun til að draga upp mynd af mögulegri framtíð og skilgreina þær aðgerðir sem þarf að grípa til, til að beina þróun í tiltekna átt.

Í þessari vinnu hefur verið litið til fyrirmynda um hvernig sviðsmyndagreiningu hefur verið beitt á sviði skipulagsmála.² Hér eru hugtökin *sviðsmynd* og *valkostur* notuð þannig að *sviðsmynd* lýsi ákveðnum mögulegum framtíðaraðstæðum í samfélaginu, svo sem framtíð þar sem er hagvöxtur/hagsæld eða stöðnun. *Valkostir* lýsa hins vegar þeim aðgerðum sem við grípum til (í þessu tilfalli í gegnum landsskipulagsstefnu), til að stuðla að ákveðinni samfélagsþróun.

Í þessari vinnu er ekki unnt að draga fram alla mögulega valkosti en mikilvægt er að skilgreina skýra, raunhæfa og vel aðgreinda valkosti fyrir hvert viðfangsefni landsskipulagsstefnunnar til að draga fram muninn á ólíkum leiðum til að takast á við mögulega framtíðarþróun. Hver valkostur er samsettur úr mörgum þáttum eða einkennum. Þegar kemur að því að móta og útfæra sjálfa landsskipulagsstefnuna eru valkostirnir yfirfarnir og bornir saman með tilliti til niðurstöðu umhverfismats.

Á grunni þess eru settar saman tillögur sem ná best þeim markmiðum sem að er stefnt, en sem hafa um leið sem mest jákvæð umhverfisáhrif og sem minnst neikvæð. Landsskipulagsstefna verður því fyrirsjáanlega sett saman úr ólíkum þáttum tveggja eða fleiri valkosta.



	Valkostur A	Valkostur O	Valkostur B
Einkenni 1	A-1	O-1	B-1
Einkenni 2	A-2	O-2	B-2
Einkenni 3	A-3	O-3	B-3
Einkenni 4	A-4	O-4	B-4
Einkenni 5	A-5	O-5	B-5

Landsskipulagsstefna

² Sbr. til dæmis Scenario Planning for Strategic Regional Transportation Planning <http://ascelibrary.org/doi/pdf/10.1061/%28ASCE%290733-9488%282004%29130%3A1%282%29>

1.3 Hvað felst í umhverfismati?

Tilgangur umhverfismats landsskipulagsstefnu er að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við mótun stefnunnar (sbr. markmið laga um umhverfismat áætlaða). Umhverfisáhrif landsskipulagsstefnu eru metin út frá skilgreindum umhverfisviðmiðum³ og með samanburði við stöðu og þróun lykilmælikvarða og gildandi stefnu⁴.

Niðurstöður umhverfismatsins eru nýttar við útfærslu landsskipulagsstefnu og lögð áhersla á að stefnan styrki allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar – samfélag, umhverfi og efnahag. Á þennan hátt er stefnt að því að umhverfismatið, og sú aðferðafræði sem það innifelur, nýtist snemma í ferlinu þannig að áhrif þess á stefnumótun og ákvarðanatöku verði sem mest. Valkostagreiningin og umhverfismatið eru að fullu samþætt í ferli landsskipulagsstefnu.

1.4 Vinna við greiningu valkosta og umhverfismat

Til að styrkja starf Skipulagsstofnunar við mótun Landsskipulagsstefnu 2015-2026 voru settir á stofn faghópar sem höfðu með höndum greiningu valkosta og mat á umhverfisáhrifum. Hver faghópur vann með eitt af þeim fjórum viðfangsefnum sem umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að landsskipulagsstefna skuli að þessu sinni fjalla um, það er skipulag á miðhálandi Íslands, búsetumynstur og dreifingu byggðar, skipulag á haf- og strandsvæðum og skipulag landnotkunar í dreifbýli.

Í hverjum faghópi áttu sæti 7-8 sérfræðingar, annarsvegar frá Skipulagsstofnun og hinsvegar aðrir sérfræðingar sem Skipulagsstofnun fékk til liðs við sig á

grundvelli þekkingar þeirra og reynslu á tilteknum sviðum skipulagsmála. Markmiðið var að setja saman litla vinnuhópa sem hefðu breiða þekkingu á skipulagsmálum og umhverfismati tengt viðfangsefni viðkomandi faghóps. Auk þess starfaði ráðgjafi með hverjum faghópi sem sinnti verkefnisstjórn, vinnslu gagna milli vinnufunda og ritun skýrslu faghóps. Í viðauka er að finna lista yfir þátttakendur í faghópunum.

Starf faghópanna hófst með tveggja daga vinnusmiðju undir stjórn Ríki Therivel í janúar 2014. Hóparnir hittust síðan á fjórum til fimm vinnufundum í mars til maí 2014. Þeir unnu eftir fyrirfram ákveðnu ferli sem hófst með hugarflugi og greiningu á forsendum þar sem velt var upp mögulegum valkostum. Einnig var unnið með hugmyndir sem komu fram á samráðsfundum landsskipulagsstefnu í febrúar og mars 2014.⁵

Fyrstu hugmyndir hvers faghóps voru dregnar saman í nokkra valkosti fyrir hvert viðfangsefni og þeir þróaðir áfram með tilliti til þess að þeir drægju upp skýra en afgerandi mynd til framtíðar. Síðan var hafist handa við mat á umhverfisáhrifum þeirra og var það framkvæmt á vinnufundum og í einstaklingsvinnu. Hver valkostur var metinn með tilliti til fyrirfram skilgreindra viðmiða sbr. *Lýsingu Landsskipulagsstefnu 2015-2026* og þeim gefin vægiseinkunn með tilliti til áhrifa á málaflokka landsskipulagsstefnu.

Faghópar skiluðu niðurstöðum sínum í skýrslu til Skipulagsstofnunar í lok maí. Þeir valkostir og umhverfismat sem sett er fram í þessari skýrslu er samantekt á því sem fram kemur í skýrslum faghópanna. Við vinnslu þessarar skýrslu reyndist hinsvegar nauðsynlegt að einfalda og samræma framsetningu valkosta og

³ Umhverfisviðmiðin eru sett fram í *Lýsingu fyrir Landsskipulagsstefnu 2015-2026*, sjá

[http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-\(2\).pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-(2).pdf) bls. 7-8.

⁴ Yfirlit yfir stöðu og þróun lykilmælikvarða og fyrirliggjandi stefnu er sett fram í *Skipulagsmál á Íslandi 2014 – lykilmælikvarðar og fyrirliggjandi áætlanir*.

⁵ Samantekt samráðsfunda í febrúar og mars 2014 er að finna hér, <http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/Samantekt-samradsfunda---netutgafa.pdf>

umhverfismats milli einstakra faghópa. Skilgreining valkosta og umhverfismat er eftir sem áður afrakstur vinnu faghópa og efnislega er niðurstaðan sú sem faghóparnir skiluðu til Skipulagsstofnunar.

Á meðan á vinnu faghópa stóð höfðu hópstjórar reglulega samráð við stýrihóp Skipulagsstofnunar um skilgreiningu valkosta og nálgun við umhverfismat þeirra. Auk þess lagði stofnunin faghópum til forsendur og önnur gögn sem lögð voru til grundvallar þeirra vinnu. Jafnframt var ráðgjafarnefnd um gerð landsskipulagsstefnu kynnt drög faghópa að valkostum í lok apríl og niðurstöður faghópa á greiningu valkosta og umhverfisáhrifa í byrjun júní 2014.

Til grundvallar vinnu faghópanna lágu fyrir ýmis gögn sem nýttust við vinnuna. Helstu gögn sem allir faghópar fengu til vinnunnar voru:

- Áherslur umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir gerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026⁶
- Frumgreining á forsendum landsskipulagsstefnu (frumdrög að skýrslunni *Skipulagsmál á Íslandi 2014 – lykilmælikvarðar og fyrirliggjandi áætlanir*)
- Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026⁷
- Samantekt af samráðsfundum, Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026; Vinnugögn til ráðgjafarnefndar og faghópa Skipulagsstofnunar
- Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2013-2024⁸ (fyrra landsskipulagsferli)

- Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála frá 2012⁹ (úr fyrra landsskipulagsferli)
- Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun frá 2012 (úr fyrra landsskipulagsferli)
- Umhverfisskýrsla landsskipulagsstefnu frá 2012 (úr fyrra landsskipulagsferli)

Auk þess fengu einstakir faghópar gögn sem vörðuðu sérstaklega viðfangsefni viðkomandi faghóps. Faghópur um skipulag á miðhálandi Íslands fékk í hendur *Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015*¹⁰ og skýrsluna *Viðhorf ferðamanna á miðhálandi Íslands*¹¹ eftir Önnu Dóru Sæþórsdóttur. Í vinnu faghóps um skipulag á haf- og strandsvæðum var litið til *Greinargerðar um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags* sem tekin var saman í tengslum við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu árið 2012. Einnig var höfð til hliðsjónar skýrslan *Um skipulag haf- og strandsvæða; Löggjöf, lykilhugtök og stjórtæki*¹² sem Skipulagsstofnun vann fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið og kom út snemma árs 2014. Faghópur um skipulag landnotkunar í dreifbýli byggði sína vinnu meðal annars á áfangaskýrslu starfshóps umhverfis- og auðlindaráðherra um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu.¹³

⁶ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013.

⁷ Skipulagsstofnun, 2014a.

⁸ Þingskjal 1087, 2012-2013.

⁹ Skjöl úr fyrra ferli landsskipulagsstefnu eru aðgengileg á heimasíðu landsskipulagsstefnu, sjá Skipulagsstofnun, 2012a, b, c og d.

¹⁰ Umhverfiráðuneytið og Skipulagsstofnun, 1999.

¹¹ Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2013.


¹² Skipulagsstofnun, 2014b.

¹³ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2014.

1.5 Framsetning valkosta og umhverfismats

Niðurstöður valkostagreiningar eru settar fram í 2. kafla þessarar skýrslu. Fyrir hvert af viðfangsefnum fjórum (miðhálandið, dreifbýlið, búsetumynstur og haf- og strandsvæði) sem landsskipulagsstefna mun fjalla um eru settir fram 2-3 megin valkostir. Valkostirnir eru settir fram í töflum þar sem einkennum þeirra er lýst út frá fjórum málaflokkum (byggð og samfélag; umhverfi og náttúra; atvinna og orka; samgöngur og fjarskipti). Nálgest má nánari skýringar á skilgreiningum málaflokkanna í *Lýsingu Landsskipulagsstefnu 2015-2026*.¹⁴

Niðurstöður umhverfismats valkosta eru settar fram í 3. kafla þessarar skýrslu. Umhverfismat fyrir hvert viðfangsefni fyrir sig (miðhálandið, dreifbýlið, búsetumynstur og haf- og strandsvæði) sem landsskipulagsstefna mun fjalla um er sett fram í sérstökum köflum. Fyrsta taflan sýnir umhverfisáhrif valkosta um stefnu sem varðar byggð og samfélag. Síðan stefnu um umhverfi og náttúru, þá stefnu um atvinnu og orku og loks stefnu um samgöngur og fjarskipti. Hverri töflu fylgja skýringar á þeirri matseinkunn sem gefin er. Skýringarnar og matseinkunnin eru beinn afakstur umræðu í faghópunum.



Vægisæinkunnir í umhverfismatinu eru eftirfarandi:



¹⁴ Sjá [http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-\(2\).pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-(2).pdf) bls. 7-8.

2 Valkostir

2.1 Miðhálandið

Viðfangsefni landsskipulagsstefnu varðandi miðhálandið er lýst svo í áherslum umhverfis- og auðlindaráðherra sem settar voru fram í upphafi landsskipulagsferlisins í október 2013:

Samkvæmt skipulagslögum skal landsskipulagsstefna ávallt marka stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands. Mikilvægt er að endurskoða fyrirbyggjandi stefnumörkun um skipulagsmál miðhálandisins m.a. með hliðsjón af reynslu af nágildandi svæðisskipulagi miðhálandisins sem staðfest var 1999, nýrri þekkingu á náttúrufari hálandisins, nýjum áskorunum og þeim áætlunum stjórnvalda sem samþykktar hafa verið síðan svæðisskipulagið var unnið og varða landnotkun á svæðinu. Mikilvægir þættir varðandi stefnumörkun um skipulagsmál á miðhálandinu eru orkunýting og orkuflutningar, samgöngur, ferðaþjónusta, vernd náttúru og menningarminjar sem og samspil þessara þátta. Standa þarf vörð um náttúru og landslag hálandisins vegna beins náttúruverndargildis þess en einnig

vegna þess gildis sem það hefur sem undirstaða ferðaþjónustu og útivistar. Í tillögu að stefnu um skipulagsmál á miðhálandinu skal setja fram samræmda stefnu um landnotkun með tilliti til framangreindra þátta þar sem byggt er á fyrirbyggjandi áætlunum stjórnvalda sem varða landnotkun á miðhálandinu, svo sem náttúruverndaráætlun, ferðamálaáætlun, samgönguáætlun og verndar- og orkunýtingaráætlun. Við gerð tillögunnar skal einnig hugað að frekari vernd landslags, landslagsheilda, víðerna og jarðvegs, meðal annars með hliðsjón af evrópska landslagssamningum og þeim áskorunum sem felast í auknum straumi ferðamanna til landsins. Þá skal sérstaklega fjalla um og setja fram tillögu að stefnu um samgöngumál og vegakerfi á miðhálandinu.

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita við mótun og útfærslu landsskipulagsstefnu um miðhálandið hafa verið skilgreindir eftirtaldir megin valkostir, með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar í landsskipulagsstefnu:

A. Áhersla á verndun	Áhersla á verndun á grundvelli heildstæðrar stefnu. Áhersla á að vernda náttúru miðhálandisins og halda uppbyggingu og þjónustu innan miðhálandisins einfaldri og lágstemmdri.
O. Óbreytt stefna	Svokallaður núllkostur, þ.e. líkleg þróun miðað við óbreytta stefnu stjórnvalda og sambærilega framfylgd og verið hefur. Í tilfalli miðhálandisins miðar það við að svæðisskipulag miðhálandisins haldi gildi sínu óbreytt eða lítið breytt.
B. Áhersla á uppbyggingu	Áhersla á aukna uppbyggingu og hærra þjónustustig á hálandinu. Uppbygging ræðst fyrst og fremst af eftirspurn og afstöðu einstakra sveitarfélaga fremur en heildstæðri stefnumörkun.

Á næstu síðum er helstu einkennum valkostanna lýst miðað við málaflokkana fjóra: Byggð og samfélag; Umhverfi og náttúra; Atvinna og orka og Samgöngur og fjarskipti.

Einkenni megin valkosta um miðhálandið varðandi byggð og samfélag

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á uppbyggingu
Staðsetning uppbyggingar	Heildstæð stefna um skilgreind uppbyggingarsvæði á hálandinu, sem verði í grunninn þau sömu og í núgildandi svæðisskipulagi.	Skilgreind uppbyggingarsvæði (hálandismiðstöðvar, jaðarmiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel) sbr. gildandi svæðisskipulag.	Ræðst af eftirspurn og ákvörðunum einstakra sveitarfélaga. Mögulega mun meiri uppbygging en núgildandi svæðisskipulag gerir ráð fyrir, bæði á núverandi uppbyggingarsvæðum og nýjum.
Fjöldi, gerð og yfirbragð bygginga	Fjöldi nýbygginga takmarkaður og háður ströngum skilyrðum um útlit og yfirbragð til að rýra ekki óbyggðaupplifun.	Ákveðinn sveigjanleiki varðandi yfirbragð og fjölda mannvirkja á skilgreindum uppbyggingarsvæðum.	Ekki sérstakar takmarkanir á fjölda eða stærð bygginga eða stefna um útlit og yfirbragð.
Þjónusta	Einföld og lágstemmd þjónusta. Ekki hótél á hálandinu. Svefnpokagisting í skálum hæsta þjónustustig gistingar á hálandinu. Umfangsmeiri þjónusta beint að jaðri hálandisins.	Ákveðinn sveigjanleiki, en áhersla á einfalda og lágstemmda þjónustu. Umfangsmeiri þjónustu beint að jaðri hálandisins.	Ræðst af eftirspurn og ákvörðunum einstakra sveitarfélaga. Mögulega hátt þjónustustig. Möguleiki á uppbyggingu heilsárs þjónustu.

Einkenni megin valkosta um miðhálandið varðandi umhverfi og náttúru

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á uppbyggingu
Verndun	Ein verndarheild. Áhersla á að vernda náttúru hálandisins, endurheimta víðerni og leyfa náttúrunni að þróast sem mest á eigin forsendum.	Nokkrar stórar verndarheildir. Meiriháttar mannvirkjagerð einskorðast við mannvirkjabelti sbr. gildandi svæðisskipulag.	Áhersla á að vernda nokkur mikilvæg svæði, en að öðru leyti áhersla á möguleika til að nýta hálandið til orkuvinnslu, orkuflutnings og ferðaþjónustu.
Hefðbundin landnýting, landgræðsla og skógrækt	Sjálfbær hefðbundin landnýting. Landgræðsla möguleg. Engar innfluttar tegundir. Bundin við aðgerðir til að binda svifryk/gjósku, stöðva jarðvegsrof og til vistheimtar.	Beitarstýring og stýring á annarri hefðbundinni landnýtingu á ákveðnum svæðum. Landgræðsla og jafnvel skógrækt til að stöðva jarðvegsrof eða vinna að landbótum.	Ákveðið staðbundið í hverju sveitarfélagi, en engar sérstakar takmarkanir. Möguleiki á víðfeðmri uppgræðslu til dæmis með lúpínu til að endurheimta jarðveg. Skógrækt á völdum svæðum innan hálandisins.
Aðgengi	Nokkuð frjálst aðgengi, en á forsendum verndunar. Stýring á umferð ferðamanna.	Nokkuð frjálst aðgengi en á forsendum verndunar á ákveðnum svæðum. Ekki stýring á umferð ferðamanna.	Frjálst aðgengi, en takmarkast hugsanlega vegna orkuframkvæmda. Áhersla á að laða ferðamenn inn á hálandið.

Einkenni megin valkosta um miðhálandið varðandi atvinnu og orku

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á uppbyggingu
Orkuvinnsla	Engar frekari stórvirkjanir, en möguleiki á litlum virkjunum (mögulega rennslisvirkjunum).	Virkjanir samkvæmt núgildandi svæðisskipulagi.	Allir hagkvæmir virkjunarkostir mögulegir (vatnsafl, jarðvarmi, vindorka).
Háspennulínur	Engar nýjar háspennulínur, hvorki loftlínur né jarðstrengir.	Loftlína yfir Sprengisand.	Nýjar háspennulínur (loftlínur eða jarðstrengir) mögulegar, svo sem yfir Sprengisand og samsíða núverandi háspennulínum.
Ferðapjónusta	Áhersla á uppbyggingu ferðapjónustu á jaðri hálandisins, en tiltekin uppbygging möguleg á skilgreindum stöðum innan hálandisins.	Áhersla á uppbyggingu ferðapjónustu á jaðri hálandisins, en tiltekin uppbygging möguleg á skilgreindum stöðum innan hálandisins.	Möguleiki á fjölgun þjónustustaða á hálendinu og meiri uppbyggingu og fjölbreyttri þjónustu.

Einkenni megin valkosta um miðhálandið varðandi samgöngur og fjarskipti

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á uppbyggingu
Vegasamgöngur	Engir uppbyggðir vegir, allir vegir liggja í landinu. Aðalvegir geti verið með bundnu slitlagi. Samræmt skipulag um aðrar ökuleiðir þar sem vegslóðum hefur verið fækkað til að vernda og endurheimta víðerni. Heildrænt skipulag göngu-, hjóla- og reiðleiða.	Sumarvegir í samræmi við gildandi svæðisskipulag. Ekki samræmt skipulag um aðrar ökuleiðir en þær sem bundnar eru í svæðisskipulagi miðhálandisins. Göngu- og reiðleiðir samkvæmt gildandi svæðisskipulagi.	Helstu hálandisvegir uppbyggðir (núverandi og mögulega nýjar leiðir). Greiðar samgöngur um hálandið tryggðar. Vegir mögulega opnir allt árið. Samræmt skipulag um aðrar ökuleiðir, fjölgun vegslóða með áherslu á aðgengi. Heildrænt skipulag göngu-, hjóla- og reiðleiða.
Flug	Útsýnisflug takmarkað yfir tilteknum svæðum. Heildrænt skipulag lendarstaða fyrir flugvélar og þyrlur.	Engar takmarkanir á útsýnisflugi. Nokkrir lendarstaðir samkvæmt gildandi svæðisskipulagi og svigrúm til að skilgreina nýja.	Útsýnisflugi stýrt, en áhersla á aukið aðgengi. Heildrænt skipulag lendarstaða fyrir flugvélar og þyrlur sem geri ráð fyrir fjölgun lendarstaða fyrir flugvélar og þyrlur.
Fjarskipti	Ekki áhersla á fjarskiptasamband fyrir allt hálandið (nema neyðarsendingar).	Engin stefna.	Gott fjarskiptasamband á öllu hálendinu.

2.2 Dreifbýli

Viðfangsefni landsskipulagsstefnu varðandi dreifbýli er lýst svo í áherslum umhverfis- og auðlindaráðherra sem settar voru fram í upphafi landsskipulagsferlisins í október 2013:

Í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er mörkuð stefna um nýtingu lands, jafnt í þéttbýli og dreifbýli. Til grundvallar skipulagsgerð sveitarfélaga skal leggja sjónarmið um sjálfbæra þróun, samanber markmið skipulagslaga. Á undanförnum áratugum hafa orðið talsverðar breytingar á landnotkun í dreifbýli, samhliða breytingum í landbúnaði. Aukin áhersla er á skógrækt og akuryrkju, m.a. samhliða aukinni þekkingu og hlýnandi veðurfari. Þessu til viðbótar hefur uppbygging ferðaþjónustu í dreifbýli aukist, auk almennt aukinnar útivistar. Þessar breytingar á landnotkun hafa í för með sér nýtt og aukið álag á náttúruna og vistkerfi landsins. Það eru því ýmiskonar áskoranir sem blasa við á komandi árum varðandi skipulag landnotkunar í dreifbýli svo sem í landbúnaði, náttúruvernd, landgræðslu, skógrækt og ferðamennsku. Í landsskipulagsstefnu verði greind sú þróun sem orðið hefur á undanförunum árum varðandi notkun lands í dreifbýli og þau áform um nýtingu sem fyrir liggja í áætlunum stjórnvalda, bæði á landsvísu

og á sveitarstjórnarstigi og fyrir mismunandi geira. Landsskipulagsstefna setji fram leiðarljós um landnotkun í dreifbýli til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga og geri jafnframt eftir atvikum tillögur um frekari aðgerðir stjórnvalda til að stuðla að sjálfbærri landnýtingu í dreifbýli. Miðað er að því að fylgja landsskipulagsstefnu eftir með ítarlegri greiningu og stefnumótun um ráðstöfun lands í dreifbýli til mismunandi nota með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita við mótun og útfærslu landsskipulagsstefnu um dreifbýli hafa verið skilgreindir eftirtaldir megin valkostir, með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar í landsskipulagsstefnu:

A. Áhersla á umhverfissjónarmið	Áhersla á sjálfbærni; á uppbyggingu á grundvelli umhverfissjónarmiða. Miðar að styrkingu kjarna í hverjum landshluta og viðhaldi góðs landbúnaðarlands og umhverfisgæða, á grundvelli heildstæðrar stefnu fyrir svæði sem mynda heild í landfræðilegu og samfélagslegu tilliti.
O. Óbreytt stefna	Ekki er settur fram sérstakur núllkostur fyrir dreifbýli, heldur litið svo á að valkostur B samsvari í meginatriðum óbreyttri stefnu/núllkosti.
B. Áhersla á athafnafrelsi	Stefna um landnotkun og þróun byggðar er almennt opin og sveigjanleg og rúmar mikinn vöxt. Uppbygging ræðst fyrst og fremst af óskum landeigenda og eftirspurn fremur en heildstæðri stefnumörkun og sjónarmiðum um samræmingu.

Á næstu síðum er helstu einkennum valkostanna lýst miðað við málaflokkana fjóra: Byggð og samfélag; Umhverfi og náttúra; Atvinna og orka og Samgöngur og fjarskipti.

Einkenni megin valkosta um dreifbýli varðandi byggð og samfélag

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á umhverfissjónarmið	B. Áhersla á athafnafrelsi
Staðsetning uppbyggingar	Skilgreindir lykilþjónustukjarnar í hverjum landshluta. Nýrri íbúðarbyggð án tengsla við búskap fremur beint á núverandi þéttbýlisstaði, eða á jaðar þeirra. Skýr skil á milli þéttbýlis og dreifbýlis.	Almennt opin stefna sem rúmar mikla uppbyggingu. Staðsetning og útfærsla uppbyggingar (stakar byggingar eða stærri samfelld uppbyggingarsvæði innan eða utan þéttbýlis) ræðst af óskum landeigenda og eftirspurn.
Frístundabyggð	Frístundabyggð beint í hverfi sem eru staðsett og afmörkuð m.t.t. landslags, náttúru og flokkunar landbúnaðarlands. Útfærð þannig að hún falli vel að landslagi, skapi góða útivistarmöguleika og hafi sem minnst neikvæð umhverfisáhrif.	Almennt opin stefna sem rúmar mikla uppbyggingu. Staðsetning, umfang og útfærsla frístundabyggðar ræðst af óskum landeigenda.
Gæði og yfirbragð byggðar	Stuðlað að vandaðri byggð með því að huga jafnt að fagurfræði og félagslegum þáttum við skipulag byggðar og hönnun mannvirkja.	Almennt ekki sérstök áhersla á gæði byggðar. Háð útfærslu og áherslum hverju sinni.
Útivist, aðgengi	Tekið tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Frjálst aðgengi almennings að landi til útivistar tryggt, að teknu tilliti til náttúruverndarsjónarmiða.	Háð staðbundnum áherslum. Aðgengi að svæðum til útivistar fyrir almenning almennt frjálst en landeigendur geta gripið til aðgangsstyringar með gjaldtöku.

Einkenni megin valkosta um dreifbýli varðandi umhverfi og náttúru

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á umhverfissjónarmið	B. Áhersla á athafnafrelsi
Búsvæði, landslag og minjar	Landnýting gangi ekki á auðlindir, s.s. jarðveg, gróður, líffræðilega fjölbreytni og vatnsbúskap og tryggi viðgang vistkerfa til framtíðar. Búsvæði, landslagsheildir, jarðminjar, náttúru- og menningarminjar sem hafa sérstakt gildi njóti verndar. Forðast að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi.	Verndun búsvæða, landslags, náttúruminja og menningarminja í samræmi við kröfur laga. Ekki heilstæð stefna um frekari verndun. Háð staðbundnum áherslum og áhuga.
Landgræðsla og skógrækt	Áhersla á stöðvun eyðingar vistkerfa, bindingu jarðvegs, uppgræðslu og endurheimt vistkerfa á svæðum þar sem hætta er á ösku, sandfoki, flóðum og skriðuföllum. Gert ráð fyrir skógrækt til að stuðla að atvinnusköpun, útivist, jarðvegsvernd og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Val á skógræktarsvæðum byggji á mati á skógræktarskilyrðum, landslagi, verndargildi og möguleikum til annarrar nýtingar í landbúnaði.	Landgræðsla háð staðbundnum áhuga og áherslum, innan þess ramma sem lög og stefna stjórnvalda í þeim málaflökki setur. Almennt opin og sveigjanleg stefna um skógrækt með litlum takmörkunum. Framfylgd og útfærsla háð staðbundnum áherslum og áhuga.
Efnistaka	Efnistöku hagað þannig að hún valdi sem minnstum spjöllum á landi. Vandað til vals á efnistökusvæðum og þau skipulögð út frá sýn á landfræðilega heild og með tilliti til eftirspurnar.	Almennt opin og sveigjanleg stefna. Framfylgd og útfærsla háð staðbundnum áherslum og áhuga.
Vatn og úrgangur	Heilnæmt og ómengað vatn til neyslu og annarra nytja hvarvetna tryggt. Dregið eins og kostur er úr mengun í ám og vötnum. Úrgangur meðhöndlaður á hagkvæman og umhverfisvænan hátt.	Almennt opin og sveigjanleg stefna. Framfylgd og útfærsla háð staðbundnum áherslum og áhuga.

Einkenni megin valkosta um dreifbýli varðandi atvinnu og orku

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á umhverfissjónarmið	B. Áhersla á athafnafrelsi
Landbúnaður	Landbúnaðarland sem hentar vel til ræktunar korns, grænmetis og túna nýtt eða varðveitt og ekki tekið til skógræktar eða frístundabygðar. Beit stjórnað með tilliti til nýtingarpóls og hættu á jarðvegseyðingu.	Almennt opin og sveigjanleg stefna. Landeigendur með mikið svigrúm til að haga nýtingu sinna jarða eftir því sem hagkvæmt er hverju sinni.
Nytjaskógar	Gert ráð fyrir skógrækt til að stuðla að atvinnusköpun, útivist, jarðvegsvernd og bindingu gróðurhúsalofttegunda. Val á skógræktarsvæðum byggi á mati á skógræktarskilyrðum, landslagi, verndargildi og möguleikum til annarrar nýtingar í landbúnaði.	Almennt opin og sveigjanleg stefna um skógrækt með litlum takmörkunum. Framfylgd og útfærsla háð staðbundnum áherslum og áhuga.
Ferðapjónusta	Áhersla á að byggja á sérstöðu og staðaranda svæða. Leitast við að dreifa álagi á umhverfi og samfélag með því að skilgreina net áfangastaða og leiðir á milli þeirra. Stuðlað að langri endingu mannvirkja með sveigjanlegri notkun.	Almennt opin stefna. Staðsetning og útfærsla uppbyggingar ræðst af óskum landeigenda og eftirspurn.
Orkuvinnsla og háspennulínur	Vindorkuver og önnur orkuvinnsla sem hefur mikil áhrif á nærumhverfi einungis á svæðum þar sem slík áhrif eru í lágmarki. Raforka flutt með jarðstrengjum og unnið að því að færa loftlínur í jörð, þar sem því verður við komið til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Flutningskerfi annarsstaðar fellt að landslagi eins og kostur er.	Almennt opin stefna, innan þess ramma sem áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun) setur. Staðsetning og útfærsla uppbyggingar ræðst fyrst og fremst af óskum framkvæmdaraðila.
Nýjar atvinnugreinar og nýsköpun	Gert ráð fyrir auknum möguleikum til sjálfbærrar nýtingar hinnar lifandi náttúru til ýmiskonar nýsköpunar og framleiðslu.	Staðbundið gert ráð fyrir möguleikum til uppbyggingar ýmiskonar atvinnustarfsemi, t.d. úrvinnslu- og þjónustuiðnaði, fiskeldi og vatnstöppun.

Einkenni megin valkosta um dreifbýli varðandi samgöngur og fjarskipti

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á umhverfissjónarmið	B. Áhersla á athafnafrelsi
Vegasamgöngur	Umbótum á vegakerfinu forgangsraðað með áherslu á tengsl landshlutakjarna við þjónustusvæði þeirra og tengsl milli kjarna. Vegslóðar skilgreindir á landshlutavísu út frá landslagsheildum og kyrrlátum svæðum. Leitast við að lágmarka sjónræn áhrif við hönnun nýrra vega og endurhönnun eldri vega.	Stofnvegir bættir til að stytta vegalengdir, auka greiðfærni og öryggi. Þjóðvegur 1 stuttur eftir því sem kostur er. Óvissa um skilgreiningu vegslóða sem liggja utan þjóðvegakerfisins.
Almenningssamgöngur	Skilgreindar meginleiðir almenningssamgangna í hverjum landshluta og innviðir fyrir þær tryggðir. Áhersla á góðar tengingar á milli landshlutakjarna og á milli þeirra og þjónustusvæðis/vinnusóknarsvæðis þeirra.	Gert ráð fyrir innviðum fyrir almenningssamgöngur þar sem grundvöllur er fyrir rekstri þeirra.
Ganga, hjóleiðar og reiðleiðir	Kerfi stíga og leiða fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn byggð upp heildstætt í hverjum landshluta.	Ekki heildstæð stefnumörkun.
Fjarskipti	Gott fjarskiptasamband. Við hönnun og staðsetningu nýrra fjarskiptamannvirkja, leitast við að lágmarka sjónræn áhrif.	Almennt gott fjarskiptasamband, en í sumum byggðarlögum þörf á úrbótum.

2.3 Búsetumynstur

Viðfangsefni landsskipulagsstefnu varðandi búsetumynstur er lýst svo í áherslum umhverfis- og auðlindaráðherra sem settar voru fram í upphafi landsskipulagsferlisins í október 2013:

Eitt af stærstu viðfangsefnum skipulags landnotkunar er ákvörðun um þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar. Byggðamynstur og dreifing byggðar mótar ramma um daglegt líf fólks og getur haft veigamikil áhrif á sjálfbærni þegar til langs tíma er litið. Í tillögu að landsskipulagsstefnu verði sett fram almenn stefna til leiðbeiningar fyrir skipulagsgerð sveitarfélaga um þá þætti byggðamynsturs,

svo sem þéttleika byggðar, dreifingu búsetu, tegund landnotkunar, samgöngur, skipulag verslunar- og þjónustu og önnur atriði sem stuðlað geta að aukinni sjálfbærni byggðar, þ.e. samþættingu umhverfis og félagslegra og efnahagslegra þátta í hinu byggða umhverfi.

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita við mótun og útfærslu landsskipulagsstefnu um búsetumynstur hafa verið skilgreindir eftirtaldir megin valkostir, með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar í landsskipulagsstefnu:

A. Áhersla á sterka kjarna	Áhersla á vöxt þéttbýlisstaða inn á við með þéttri og blandaðri byggð og styrkingu kjarna í hverjum landshluta á grundvelli samræmdrar stefnu.
0. Óbreytt stefna	Ekki er settur fram sérstakur núllkostur fyrir búsetumynstur, heldur litið svo á að valkostur B samsvari í meginatriðum óbreyttri stefnu/núllkosti.
B. Áhersla á athafnafrelsi	Stefna um landnotkun og þróun byggðar er almennt opin og sveigjanleg og rúmar mikinn vöxt. Uppbygging ræðst fyrst og fremst af eftirspurn landeigenda/byggingaraðila fremur en heildstæðri stefnumörkun.

Á næstu síðum er helstu einkennum valkostanna lýst miðað við málaflokkana fjóra: Byggð og samfélag; Umhverfi og náttúra; Atvinna og orka og Samgöngur og fjarskipti.

Einkenni megin valkosta um búsetumynstur varðandi byggð og samfélag

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á sterka kjarna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Staðsetning uppbyggingar	Landshlutakjarnar styrkist og eflist sem miðstöðvar hvers landshluta. Vexti beint inn á við innan landshlutakjarna, til að styrkja þá sem landshlutamiðstöðvar og þau samfélög sem liggja innan þjónustusvæðis/vinnusóknarsvæðis þeirra. Sterkt höfuðborgarsvæði, en jafnvægi í íbúðarþróun allra landshluta.	Skipulag rúmar mikla uppbyggingu, umfram raunhæfar áætlanir. Lítil stýring. Uppbygging ræðst af eftirspurn landeigenda og byggingaraðila og einkennist af vexti þéttbýlisstaða út á við (dreifðri byggð) og stakstæðum íbúðarþyrpingum eða íbúðarhúsum í dreifbýli. Íbúafjölgun fyrst og fremst á suðvesturhorninu.
Staðsetning þjónustu og blöndun byggðar	Áhersla á fjölbreytta þjónustu í helstu landshlutakjörnum og að verslun og þjónusta byggist upp og dafni í miðbæjum fremur en á jöðrum byggðar, með greiðu aðgengi íbúa. Takmörkun á umfangi stakstæðra stórverslana og verslunarmiðstöðva. Áhersla á blöndun byggðar.	Sérhæfð þjónusta færast í vaxandi mæli á suðvesturhornið. Tilhneiging til að verslun og þjónusta byggist upp í stórum einingum við megin vegakerfi utan hefðbundinna miðbæja. Takmörkuð blöndun byggðar. Aðgreining eftir landnotkun, starfsemi og húsagerðum.
Húsagerðir	Áhersla á fjölbreytta húsnaðiskosti varðandi húsagerðir, íbúðarstærðir og eignarform sem tekur mið af mannfjöldaþróun og lýðfræðilegum breytingum.	Óbreytt þróun um samsetningu húsagerða og íbúðarstærðir.
Gæði byggðar	Áhersla á gæði byggðar, gæði bæjarrýma og á skipulag og bæjahönnun (e. urban design) sem tæki til að skapa umgjörð um sterk og lifandi samfélög. Áhersla á vandaða hönnun. Áhersla á að lesa megi byggingararf og sögu í umhverfinu.	Almennt ekki mikil áhersla á gæði byggðar, gæði bæjarrýma og á skipulag og bæjahönnun (e. urban design) sem tæki til að skapa umgjörð um sterk og lifandi samfélög.
Lýðheilsa	Byggð útfærð með tilliti til lýðheilsu, þannig að tækifæri gefist til hreyfingar og útiveru samtvinnað daglegum athöfnum.	Áhrifum skipulags á lýðheilsu almennt ekki gefinn sérstakur gaumur.

Einkenni megin valkosta um búsetumynstur varðandi umhverfi og náttúru

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á sterka kjarna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Uppbygging á röskuðu eða óröskuðu landi	Vexti byggðar beint inn á við, það er á raskað (e. brownfield) frekar en óraskað (e. greenfield) land. Áhersla á skýr skil milli þéttbýlis og dreifbýlis.	Vöxtur byggðar út á við, út frá jöðrum þéttbýlisstaða og á nýjum svæðum utan þéttbýlis. Óskýr mörk milli þéttbýlis og dreifbýlis.
Náttúra og útivist	Áhersla á varðveislu náttúru og aðgengi að náttúru og opnum svæðum í og við þéttbýli. Áhersla á matjurtaækt í þéttbýli.	Mismikill gaumur gefinn að aðgengi að náttúru og opnum svæðum innan og í jaðri þéttbýlisstaða og annarra byggðarsvæða, svo sem frístundabyggða.
Menningarminjar	Áhersla á vel hannað manngert umhverfi með aukinni notkun listaverka og fjölþættum útivistarmöguleikum í almenningsrýmum. Áhersla á varðveislu byggingararfs, menningarminja, búsetulandslags og landslagsheilda.	Almennt ekki mikil áhersla á varðveislu menningarminja.
Loftslagsbreytingar	Tillit tekið til möguleika í skipulagsgerð til að vinna gegn og bregðast við loftslagsbreytingum.	Almennt lítil áhersla á skipulag með tilliti til loftslagsbreytinga.
Fráveita og úrgangur	Áhersla á að tryggja heilnæmt umhverfi, svo sem varðandi úrgangs- og fráveitumál.	Viða skortur á eftirfylgni stefnumörkunar í úrgangs- og fráveitumálum.

Einkenni megin valkosta um búsetumynstur varðandi atvinnu og orku

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á sterka kjarna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Atvinna	Áhersla á nýsköpun í tengslum við háskóla og samkeppnishæfni varðandi vel menntað vinnuafli. Áhersla á fjölbreytta atvinnumöguleika á landsbyggðinni byggt á auðlindum, styrkleikum og sérstöðu hvers svæðis.	Fjölbreyttari atvinnumöguleikar á stærrri þéttbýlisstöðum. Sum minni byggðarlög háð einsleitri atvinnustarfsemi. Viðspyrna til að styrkja samkeppnishæfni byggðarlaga með uppbyggingu stóriðju og samgöngumannvirkja. Einnig uppbyggingu háskóla/háskólasetra/þekkingarsetra.
Ferðapjónusta	Uppbygging ferðapjónustu á skilgreindum svæðum með áherslu á þjónustu í byggðakjörnum sem gefa kost á sveigjanleika og samnýtingu húsnæðis og þjónustu.	Uppbygging ferðapjónustu hröð og án heildarstefnumörkunar.
Orka	Fullnægjandi aðgengi að orku tryggt í samræmi við áætlun um grænt hagkerfi og sjálfbærni.	Aðgengi að orku víðast hvar gott, en á sumum svæðum óstöðugt eða takmarkandi á vöxt iðnaðar.

Einkenni megin valkosta um búsetumynstur varðandi samgöngur og fjarskipti

Helstu einkenni valkosta	Valkostir	
	A. Áhersla á sterka kjarna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Samgöngur innan byggðakjarna	Áhersla á útfærslu bæjargatna þannig að hönnun þeirra taki bæði mið af því að skapa bæjarrými (stað) og umferðarrými (tengingu) og geri akandi, hjólandi og gangandi jafn hátt undir höfði. Almenningssamgöngur, rafbílur og hjólréiðar raunhæfur samgöngukostur. Dregið úr umfangi umferðarmannvirkja í þéttbýli.	Gatnakerfi einkennist af flokkuðu gatnakerfi og aðgreiningu akandi, hjólandi og gangandi. Jarðvegsmanir og hljóðveggir áberandi við aðalgötur og samgönguæðar skipta bæjarhlutum. Einkabíllinn er aðal samgöngumátinn. Lítil hlutdeild almenningssamgangna. Mikið land fer undir gatnakerfi.
Samgöngur milli byggðakjarna og byggðakjarna við þjónustusvæði	Áhersla á góðar samgöngur milli landshlutakjarna og þjónustusvæðis/vinnusóknarsvæðis og á milli landshlutakjarna, meðal annars með það að markmiði að komast megí í tiltekna þjónustu og sækja atvinnu á innan við klukkustund.	Ófullnægjandi samgöngur við tiltekin byggðarlög, í það minnsta hluta úr ári.
Fjarskipti	Gott fjarskiptasamband. Við hönnun og staðsetningu nýrra fjarskiptamannvirkja er leitast við að lágmarka sjónræn áhrif.	Almennt gott fjarskiptasamband, en í sumum byggðarlögum þörf á úrbótum.

2.4 Haf- og strandsvæði

Viðfangsefni landsskipulagsstefnu varðandi haf- og strandsvæði er lýst svo í áherslum umhverfis- og auðlindaráðherra sem settar voru fram í upphafi landsskipulagsferlisins í október 2013:

Hafsvæðin við Ísland búa yfir mikilvægum auðlindum sem viðhalda þarf á grundvelli heilbrigðis, líffræðilegs fjölbreytileika og sjálfbærni hafsins. Vaxandi eftirspurn er eftir fjölbreyttari nýtingu á haf- og strandsvæðum þar sem ólíkir hagsmunir geta stangast á. Þetta á meðal annars við á strandsvæðum þar sem hentug skilyrði eru fyrir atvinnustarfsemi eins og fiskeldi. Landsskipulagsstefna

skal setja fram heildstæða sýn um skipulagsmál hafsins og um það á hvaða svæðum brýnt er að vinna nánari skipulagsáætlanir um skipulag haf- og strandsvæða.

Til að varpa ljósi á hvaða stefnukostir koma til álita við mótun og útfærslu landsskipulagsstefnu um haf- og strandsvæði hafa verið skilgreindir eftirtaldir megin valkostir, með það fyrir augum að þeir gefi yfirsýn yfir helstu álitamál og svigrúm til stefnumörkunar í landsskipulagsstefnu:

A. Áhersla á verndun	Áhersla á staðbundna sérstöðu og að viðhalda búsetumynstri strandbyggða. Vernd hefur forgang á nýtingu. Haf- og strandsvæði eru skipulögð heildstætt með vistkerfisnálgun og sjálfbærni að leiðarljósi.
O. Óbreytt stefna	Ákveðnar aðgerðir til að styrkja og verja sjávarbyggðir, í samræmi við byggðaáætlun á hverjum tíma. Ekki heildstæð stefna um landnotkun. Ákvarðanir um uppbyggingu, nýtingu og verndun teknar fyrir hvert tilvik fyrir sig.
B. Áhersla á athafnafrelsi	Sjávarbyggðir eflist sem eru efnahagslega og félagslega hagkvæmar. Nýting á auðlindum hafsins hefur forgang á verndun. Ákvarðanir um nýtingu byggja á hagkvæmni og möguleikum til atvinnusköpunar í hverju tilviki.

Á næstu síðum er helstu einkennum valkostanna lýst miðað við málaflokkana fjóra: Byggð og samfélag; Umhverfi og náttúra; Atvinna og orka og Samgöngur og fjarskipti.

Einkenni megin valkosta um haf- og strandsvæði varðandi byggð og samfélag

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Byggð og strandmenning	Áhersla á sérstöðu sjávarbyggða. Áhersla á að verja sjávarbyggðir og strandmenningu með sértækum aðgerðum og móta sjálfbær samfélög til lengri tíma lítið.	Ýmsar aðgerðir til að verja eða styrkja sjávarbyggðir gegn fólksfækkun sem byggja ekki sérstaklega á sérstöðu þeirra með tilliti til strandmenningar.	Áhersla lögð á að styðja við sjávarbyggðir sem geta haldið úti ásættanlegri þjónustu og atvinnustigi. Aðrar sjávarbyggðir ekki varðar.
Aðgengi	Aðgengi almennings að strandsvæðum og sjó er tryggt, og að strandsvæðin verði ómenguð.	Aðgengi almennings að strandlengju og sjó, og heilnæmi svæða háð álagi og aðgerðum til að draga úr mengun.	Aðgengi almennings að strandlengju og sjó fer að einhverju leyti eftir því hvort hagkvæmt sé að nýta þessi svæði. Heilnæmi svæða ekki endilega tryggt.
Ábyrgð á skipulagsmálum	Sveitarfélög og svæðisnefndir fara með skipulag á haf- og strandsvæðum. Áhersla á að slíkt skipulag taki til fleiri en eins sveitarfélags.	Sveitarfélög með ábyrgð á skipulagsmálum út að 115 m út frá stórstraumsfjöru. Ekki samræmd áætlanagerð um nýtingu svæða utan 115 metra.	Ábyrgð á skipulagsmálum á haf- og strandsvæðum getur verið á höndum sveitarfélaga og ríkisins.
Öryggi	Strandbyggðir varðar gegn breytingum á sjávarstöðu.	Strandbyggðir varðar gegn breytingum á sjávarstöðu á grundvelli áætlunar ríkisins um sjóvarnir.	Byggð og mannvirki sem eru í hættu vegna hækkandi sjávarstöðu varin teljist það hagkvæmt.

Einkenni megin valkosta um haf- og strandsvæði varðandi umhverfi og náttúru

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Vistkerfisnálgun, afmörkun svæða	Hrygningar- og uppeldissvæði nytjastofna, viðkvæm búsvæði, náttúruvirkibærir í sjó vernduð fyrir margvíslegum áhrifaþáttum. Vistkerfisnálgun beitt við allar ákvarðanir um nýtingu, þannig að þær byggi á þekkingu, gagnaöflun og reynslu og hafi reglur alþjóðlegs umhverfisréttar um varúðarnálgun að leiðarljósi. Verndun svæða hefur forgang yfir nýtingu.	Haf- og strandsvæði ekki flokkuð m.t.t. sérstöðu og verndargildis, nema að litlu leyti. Ákvarðanir um verndun eða nýtingu teknar í hverju tilviki fyrir sig. Lítil stýring á framkvæmdum og nýtingu á haf- og strandsvæðum. Viðkvæm búsvæði njóta ekki sérstakrar verndar. Vernd náttúruminja fer eftir lögum um náttúruvernd.	Færri takmarkanir á nýtingu. Nýting hefur forgang eða reynt er að samþætta hana við verndun. Mögulega minni áhersla á að vernda hrygningarsvæði, uppeldissvæði, viðkvæm búsvæði, og náttúruvirkibærir í hafi. Minni áhersla á verndun og heilnæmi svæða og kröfur til starfsemi ekki eins íþyngjandi. Skortur á upplýsingum um náttúru og umhverfi (vistkerfi) stöðvar ekki nýtingu auðlindar.
Loftslagsbreytingar	Áhersla á að draga úr súrnun og hlýnun sjávar með aðgerðum sem minnka losun gróðurhúsalofttegunda svo sem með því að draga úr orkunotkun og taka upp aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti.	Ákveðnar aðgerðir til að draga úr súrnun og hlýnun sjávar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda.	Ekki ráðist í sérstakar aðgerðir til að draga úr súrnun og hlýnun sjávar vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, nema það sé hagkvæmt, svo sem að nýta aðra eldsneytisgjafa eða draga úr orkunotkun.

Einkenni megin valkosta um haf- og strandsvæði varðandi atvinnu og orku

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Samræmt skipulag og afmörkun svæða til mismunandi nýtingar	Haf- og strandsvæðum skipt upp í skipulagssvæði, sem geta afmarkast af einum firði eða stærra svæði, til að stýra nýtingu, vexti og viðhaldi auðlinda. Í þessu felst að afmarka hentug nýtingarsvæði til ólíkra nota með hliðsjón af stefnu stjórnvalda um sjálfbæra atvinnuuppbyggingu.	Haf- og strandsvæði nýtt þar sem áhugi og vilji er til að nýta auðlindirnar. Nýting er heimiluð með leyfisveitingum í hverju tilviki, en hún er ekki sambætt með markvissum hætti. Margvísleg nýting möguleg á sama svæði.	Ekki ákveðið svæðisbundið skipulag. Ekki skilgreindar takmarkanir á nýtingu. Sú starfsemi eða notkun sem gefur mestan arð ræður nýtingu svæða, þótt það geti valdið hagsmunaárekstrum.
Orkuvinnsla	Ekki gert ráð fyrir olíu- og gasvinnslu. Lagt mat á og eftir atvikum afmörkuð önnur möguleg orkuvinnslusvæði á haf- og strandsvæðum.	Unnið samkvæmt áætlun stjórnvalda um umgjörð olíu- og gasvinnslu á Drekasvæðinu. Ákvarðanir um aðra orkuvinnslu teknar í hverju tilviki fyrir sig á grundvelli rammaáætlunar.	Ákvarðanir um olíu- og gasvinnslu og aðra orkuvinnslu byggja á því hvort hún sé hagkvæm og takmarkast ekki við Drekasvæðið.
Stórskipahafnir	Ekki gert ráð fyrir þjónustuhöfn/um við olíu- og gasvinnslu á Drekasvæðinu. Ekki gert ráð fyrir umskipunarhöfn.	Ekki heildstæð stefna um uppbyggingu þjónustuhafna/r við olíu- og gasvinnslu, umskipunarhafna/r eða annarra stórskipahafna. Ákvarðanir um staðarval og uppbyggingu stórskipahafna teknar fyrir hvert tilvik fyrir sig, staðbundið.	Ákvarðanir um staðarval og uppbyggingu þjónustuhafna/r í tengslum við olíu- og gasvinnslu, umskipunarhafna/r eða annarra stórskipahafna teknar með tilliti til þess hvaða svæði hagkvæmt er að byggja upp.
Móttaka skemmtiferðaskipa	Stefna um hvar skemmtiferðaskip geta lagst að og hversu stór skip verði heimiluð, sem tekur mið af sérstöðu og þolmörkum viðkom. svæða/samfélaga.	Núverandi aðstaða og hafnagjöld stýra því hvar skemmtiferðaskip leggjast að og hversu stór skipin eru.	Ekki heildstæð stefna. Hagkvæmni stýrir því hvar og hversu stór skip verði heimiluð. Ekki tekið sérstakt tillit til sérstöðu/þolmarka viðkom. svæða/samfél.

Einkenni megin valkosta um haf- og strandsvæði varðandi samgöngur og fjarskipti

Helstu einkenni valkosta	Valkostir		
	A. Áhersla á verndun	O. Óbreytt stefna	B. Áhersla á athafnafrelsi
Hafnir og siglingar	Gert er ráð fyrir að á hafnir byggist upp eða verði eflidar á fáum völdum stöðum. Út frá þeim verða megin tengingar flutninga á landi og sjó. Afmarkaðar sérstakar flutningsleiðir m.t.t. annarrar nýtingar og verndunar haf- og strandsvæða.	Uppbygging hafna ræðst af stefnu einstakra sveitarfélaga. Strandsiglingar eru ekki skilgreindar og flutningsaðilar ákveða hvaða hafnir verða fyrir valinu.	Ekki heildstæð stefna um að beina uppbyggingu á einn stað öðrum fremur.
Vegagerð	Við staðsetningu og ákvörðun um þverun fjarða fyrir vegi þarf að taka tillit til viðkvæmra svæða.	Ákvarðanir um þveranir fjarða fyrir vegi eru teknar í hverju tilviki fyrir sig.	Áhersla á þveranir fjarða til að stytta ferðatíma og auka öryggi gagnvart veðri og vindum.
Flutningsleiðir raforku og fjarskipta	Gott fjarskiptasamband. Við hönnun og staðsetningu nýrra fjarskiptamannvirkja, leitast við að lágmarka sjónræn áhrif. Gert er ráð fyrir möguleika á sæstrengjum.	Almennt gott fjarskiptasamband, en í sumum byggðarlögum þörf á úrbótum.	Gott fjarskiptasamband. Þar sem þverun fjarða stýttir vegalengd, eykur öryggi og/dregur úr kostnaði verða lagðir sæstrengir um firði.

3 Umhverfismat

3.1 Umhverfismat valkosta fyrir miðhálandið

3.1.1 Samantekt umhverfismats valkosta fyrir miðhálandið

Valkostir stefnu um byggð og samfélag	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	0
0. Óbreytt stefna	+	0	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	-

Valkostir stefnu um umhverfi og náttúru	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	0
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostir stefnu um atvinnu og orku	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostir stefnu um samgöngur og fjarskipti	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	-
B. Áhersla á uppbyggingu	0	-	+	+

Sjá skýringar við vægiseinkunnir í kafla 3.1.2-3.1.5.

3.1.2 Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.1)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Lítill uppbygging getur haft jákvæð áhrif á samfélag. Auðlindin (miðhálandið) heldur sínum sérkennum. Getur til lengri tíma litið skilað sér til samfélagsins þar sem svæðum án mannvirkja mun fara fækkandi og verða verðmætari.
- Heildrænt skipulag og greining á uppbyggingarkostum tryggja jafnræði og aðgengi heimamanna að auðlindunum. Allir landshlutar jafnt settir.
- Uppbygging þjónustu nálægt byggð eflir nærsamfélagið.
- Heildrænt skipulag getur verið ósveigjanlegt. Vantar sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum og breyttum þörfum samfélags.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	0
0. Óbreytt stefna	+	0	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	-

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Lítill uppbygging á hálendinu styður við þau lífsgæði sem aðgengi að rými og víðernum fela í sér og styrkir vitund um heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl.
- Til langs tíma litið er hagfelld fyrir byggð og samfélag að halda hálendinu sem minnst röskuðu.
- Uppbygging þjónustu nálægt byggð eflir nærsamfélagið.
- Óbreytt stefna eykur ekki aðgengi og getur þannig komið í veg fyrir að nýir hópar fólks tengist svæðinu.
- Óbreytt stefna kemur í veg fyrir að heimamenn geti nýtt til fulls þau verðmæti sem felast í hálendinu.
- Óvíst hvort óbreytt stefna tryggir sveigjanleika til framtíðar eða möguleika til að nýta tækifæri sem ekki eru fyrirséð enn, eða hvort hún loki hálendið í óbreyttu ástandi og stöðnun til framtíðar.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Lítill samræming og frjáls uppbygging getur leitt til óhagræðis, offjárfestinga og minni ávinnings fyrir samfélagið. Einnig til ofnotkunar tiltekinna þekkra náttúruþerla þannig að þolmörk verði yfirstigin.
- Ólíklegt að uppbygging án samræmingar stuðli að aukinni samkeppnishæfni eða verði til góðs fyrir hálendið sjálft og aðgengi afkomenda okkar að því. Sama gildir um gæði byggðar og samræmi hennar við umhverfi.
- Frjálsri uppbyggingu fylgir hætta á að skammtímasjónarmið og einstaklingshagsmunir ráði för, fremur en að búið sé í haginn til framtíðar gagnvart umhverfisbreytingum og breyttum þörfum samfélagsins.
- Á hinn bóginn getur uppbygging í samræmi við eftirspurn gefið íbúum nálæggra sveitarfélaga möguleika á að bæta atvinnumöguleika sína.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Jákvæð áhrif á umhverfi, náttúru, landslag, víðerni og líffræðilegan fjölbreytileika þar sem skilyrði fyrir mannvirkjum eru sett með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif.
- Uppbygging getur stýrt álagi á ferðamannastöðum og fjölda ferðamanna inn á tiltekin svæði.
- Líklegt að með heildrænu skipulagi skapist tækifæri til kortlagningar á náttúru- og menningarminjum sem eru frumforsenda verndunar.
- Heildarskipulag með grunnforsendum um litla uppbyggingu er líkleg til að stuðla að heilsusamlegu umhverfi.
- Aðgengi ekki frjálst, en skilgreint á grundvelli heildarsýnar. Stuðlar að góðum tækifærum til útivistar.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	0
0. Óbreytt stefna	+	0	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	-

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Ekki líkleg mikil áhrif á vernd náttúru- og menningarminja.
- Ekki líklegt að miklar breytingar verði á aðgengi fólks miðað við það sem nú er.
- Takmörkuð uppbygging kemur í veg fyrir massatúrisma.
- Óljósar reglur um gerð þjónustu, yfirbragð bygginga og fjölda þeirra samkvæmt svæðisskipulaginu getur haft í för með sér að ferðamennska á tilteknum svæðum fari yfir þolmörk viðkomandi svæðis og leiði til hnignunar náttúrufars.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru, víðerni, upplifun og óbyggðakyrrið. Lítt snortin og ósnortin svæði eiga á hættu að skerðast.
- Skortur á heildarsýn og samræmingu í skipulagi felur í sér hættu á óafturkræfum skaða á náttúru- og menningarminjum.
- Felur ekki í sér áherslu á endurheimt votlendis.
- Ekki tryggt að markmið um heilsusamlegt umhverfi náist án heildarsýnar um skipulag og uppbyggingu, þrátt fyrir að einstakir framkvæmdaraðilar og einstök sveitarfélög aðhyllist slík sjónarmið.
- Frjáls uppbygging getur gengið nærri sérstæðri náttúru hálandisins á stuttum tíma og það getur síðan leitt til samdráttar í komu erlendra ferðamanna.
- Ekki víst að frjálst aðgengi verði tryggt á hálandinu án heildarstefnu um slíkt.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Hagfelld lausn fyrir ferðaþjónustuna að halda hálandinu sem minnst röskuðu.
- Heildrænt skipulag, þar sem lögð er áhersla á litla uppbyggingu getur fjölgað atvinnutækifærum í byggðum á jaðarsvæðum hálandisins.
- Góðar forsendur fyrir því að undirbyggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Viðhald yfirbragðs óbyggða felur í sér tækifæri fyrir ákveðna tegund ferðamennsku. Þessi valkostur getur þó takmarkað aðra möguleika til atvinnuuppbyggingar.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	0
0. Óbreytt stefna	+	0	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	-

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Óbreytt stefna getur komið niður á jafnræði, fjölbreytni og samkeppnishæfni í atvinnuuppbyggingu. Á móti getur takmörkun á uppbyggingu aukið líkur á sjálfbærni til framtíðar.
- Framfylgd stefnu um uppbyggingu umfangsmeiri ferðaþjónustu á jaðrinum en einfaldari þjónustu innan miðhálandisins er erfið þar sem skilgreining þjónustustigs á mismunandi ferðamannastöðum er ekki nægilega skýr í svæðisskipulaginu.
- Aukinn fjöldi ferðamanna getur leitt til mikillar uppbyggingar og starfa á einstökum ferðaþjónustustöðum.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Með ósamræmdri uppbyggingu er hættu á að aðráttarafi hálandisins minnki og til lengri tíma er því hættu á neikvæðum áhrifum á ferðaþjónustu.
- Ólíklegt að ósamræmd, frjáls uppbygging tryggi samkeppnishæfni og fjölbreytni til langs tíma.
- Ólíklegt að þessi valkostur skapi forsendur fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Mismunandi gerðir ferðamennsku á sömu svæðum geta skapað hættu á árekstrum.
- Fjölgun atvinnutækifæra við uppbyggingu ferðamannastaða sem kannski fer meira af stað af kappi en forsjá. Hættu á að frjáls uppbygging geti leitt til þess að fjármunir fari í súginn. Staðir geta dagað uppi sem "draugabæir" og skemmt fallegar náttúruperlur.
- Lítil miðstýring og frjáls uppbygging gerir auðveldara að prófa ný atvinnutækifæri.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Lítil uppbygging gerir að verkum að minni þörf er fyrir bættar samgöngur og fjarskipti.
- Lélegir vegir og slitrótt fjarskipti hafa neikvæð áhrif á öryggi ferðalanga.
- Stór svæði innan hálandisins áfram óaðgengileg fyrir vissa hópa.
- Heildstætt skipulag skapar forsendur fyrir samræmdri stefnu og framkvæmdum á sviði samgangna og fjarskipta.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	0
0. Óbreytt stefna	+	0	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	-

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Lítil áhrif á samgöngur og fjarskipti.
- Óbreytt stefna er ekki markviss í þeim málum sem lúta að uppbyggingu samgangna innan hálandisins.
- Ekki er gert ráð fyrir öruggum fjarskiptum og ekki sérstaklega skilgreind lágmarkspörf vegna öryggismála.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Neikvæð áhrif á samgöngur ef ekki liggur fyrir skýr og samræmd stefna um hvar megin uppbygging á sér stað. Erfitt að tryggja traust samskipti milli svæða og skipulagseininga án samræmds skipulags.
- Óvissa í vega- og fjarskiptamálum. Ósamræmd uppbygging getur þýtt tilviljanakennda uppbyggingu vega og fjarskipta.
- Með áherslu á uppbyggingu getur fylgt þrýstingur á betri samgöngumannvirki. Spurning hvort það sé jákvætt eða neikvætt.
- Einstakar sveitarstjórnir geta byggt áætlanir sínar á sjálfbærnisjónarmiðum, en ekki hægt að tryggja heildarsýn í þeim efnunum.

3.1.3 Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.1)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Heildrænt skipulag stuðlar að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð undir formerkjum umhverfisverndar og sjálfbærni, jafnframt því að hvetja til útivistar og heilbrigðs lífsstíls. Heildrænt skipulag stuðlar einnig að markvissri ákvarðanatöku sveitarstjórna og uppbyggingu í samræmi við fyrirfram gerða áætlun.
- Ósnortið hálandi er gríðarleg auðlind og til langs tíma litið er hagfelld fyrir byggð og samfélag að halda hálandinu sem minnst röskuðu.
- Hefðbundin, sjálfbær landnýting. Nánari skilgreining sjálfbærni í landsskipulagsstefnu ætti að hjálpa sveitarstjórnnum við upplýstar ákvarðanir á öðrum skipulagsstigum.
- Landgræðsla sem miðar einungis að bindingu svifryks og gjósku og hefur jákvæð áhrif á loftgæði á helstu ferðamannastöðum en einnig í byggð á láglandi.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Óveruleg áhrif á byggð og samfélag. E.t.v. óveruleg jákvæð áhrif vegna uppbyggingar sem gildandi stefna heimilar innan mannvirkjabelta og á þjónustustöðum.
- Beitarfriðun vissra svæða getur haft neikvæð áhrif á menningu og þar með byggð á ákveðnum svæðum.
- Frá langtímasjónarmiði mun endurreisn vistkerfa og landbætur styrkja aðliggjandi byggðir, m.a. vegna beitar og bæta lífsskilyrða m.a. vegna minna svifryks og með því að binda gjósku sem ella færi á flug og bærast til byggða.
- Jákvæð áhrif þar sem gert er ráð fyrir vernd meginhluta hálandisins sem auðlindar til frambúðar, þ.e. víðerna, jarðmyndana, landslags, og menningarminja.
- Óbreytt stefna felur í sér tækifæri til að bregðast við umhverfisbreytingum og þörfum samfélagsins.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	0
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Skertir möguleikar komandi kynslóða til þess að njóta sérstöðu hálandisins. Neikvæð áhrif á þann hluta samfélagsins sem kys ósnortið yfirbragð/lítið aðgengi.
- Til langs tíma litið er hagfelld fyrir byggð og samfélag að halda hálandinu sem minnst röskuðu. Mikil uppbygging spillir öræfaupplifun og kyrrð og getur með tíð og tíma spillt svo sérstöðu miðhálandisins að forsendur ferðaþjónustu bresti og skerði möguleika aðliggjandi byggða til að nýta það til atvinnu eða njóta þess.
- Hætta á uppbyggingu og landnotkun án framtíðarsýnar og að ekki verði hugað nægilega að öryggi og sjálfbærni til langs tíma.
- Áhersla á fjölbreytta nýtingu getur haft jákvæð áhrif á atvinnu og þar með íbúaþróun. Mikil atvinnutækifæri til skamms tíma.
- Mikil uppbygging er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á fjárhag sveitarfélaga þar sem framkvæmdir verða.
- Ávinningur af uppgræðslu vegna minna foks.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stefan er á forsendum náttúrunnar og verndunar hvort sem er lífríkis, landslags, jarðmyndana eða víðerna og öræfakyrriðar. Ósnortnu yfirbragði hálandisins haldið.
- Skipulagið stuðlar að góðum tækifærum til útivistar og tryggir rétt almennings að aðgengi um náttúru landsins.
- Verndun felur í sér minni umferð og þar með minni loftmengun. Lítil uppbygging dregur úr neikvæðum umhverfisáhrifum, þ.m.t. mengun.
- Heildrænt skipulag og lágstemmdar byggingar viðhalda öræfaupplifun.
- Beit búfjár og önnur hefðbundin landnýting sjálfbær.
- Stýrð landgræðsla.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Mannvirkjabelti skera víðerni sem eru eitt helsta aðráttarafi hálandisins. Framkvæmdir innan beltanna geta leitt til neikvæðra áhrifa á náttúru, minjar og ásýnd. Mannvirki, svo sem háspennulínur og virkjanamannvirki, draga úr öræfaupplifun.
- Ekki áhersla á endurheimt votlendis og annarra vistkerfa.
- Margar skipulagsforsendur óljósar. Nokkuð víðtæk vernd sem þó er ekki ítarlega útfærð. Mannvirkjabeltin gera ráð fyrir talsverðri uppbyggingu og með veikri verndarskilgreiningu á nærliggjandi svæðum gætu mannvirki dreifst yfir á verndarsvæðin.
- Landgræðsla og skógrækt geta haft neikvæð áhrif á ásýnd lands, einkum ef innfluttar tegundir eru notaðar.
- Verndarheildir ættu að tryggja að ekki verði frekar gengið á víðerni og önnur mikilvæg náttúrusvæði.
- Landgræðsla, skógrækt og aðrar landbætur hafa margvísleg jákvæð áhrif (stöðvun eyðingar, vatnsmiðlun, líffræðileg fjölbreytni, búsvæði). Áhrifin fara þó eftir staðsetningu og útfærslu.
- Skilgreining/takmarkanir beitarsvæða öflug leið til að vernda og endurheimta vistkerfi.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	0
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Breyting á ásýnd, vistkerfum og víðernum. Andhverfa við helstu umhverfisviðmið. Öræfaupplifun ekki söm og áður. Breytingar frá því sem nú er með meiri uppbyggingu og uppgræðslu. Ekki gert ráð fyrir endurheimt vistkerfa.
- Hætta á að verndunarsjónarmið verði undir með óafturkræfum hætti.
- Mikil uppgræðsla með lúpínu eða öðrum ágengum tegundum myndi breyta yfirbragði hálandisins, hrikaleikinn minnka og draga úr fjölbreytileika.
- Mannvirki, svo sem uppbyggðir vegir og hótélbyggingar, spilla landslagi.
- Vandræði með úrgangslösum, einkum yfir vetrartímann, gætu skapað umhverfisvandamál.
- Líklegt að mikil uppbygging tryggi frjálsa för almennings um allt hálandið.
- Aukin landgræðsla minnkar uppblástur viðkvæmra svæða.
- Aukin skógrækt getur haft jákvæð áhrif á jarðveg og gróðurfar innan hálandisins og breytt ásýnd þess á vissum svæðum til hins betra.
- Tekin verða frá nokkur mikilvæg svæði og þau vernduð.

Miðhálendið - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Jákvæð áhrif á óbyggðuferðamennsku. Ákveðnar umhverfislegar hömlur á uppbyggingu á svæðinu, sem geta fallið vel að forsendum græns hagkerfis.
- Verndar betur framtíðarhagsmuni ferðaþjónustunnar.
- Heildrænt skipulag ætti að tryggja samkeppnishæfni og jafnræði.
- Skipulagið getur stuðlað að því að nýting náttúruauðlinda geti farið fram með sjálfbærum hætti.
- Neikvæð áhrif á möguleika á orkuuppbyggingu og orkuflutninga.
- Takmörkun á uppbyggingu hindrar framþróun ferðamennsku.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	0
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Atvinna bæði í ferðaþjónustu og orkuöflun verður innan mannvirkjabelta og getur hugsanlega styrkt hvort annað t.d. virkjanir orðið viðkomustaðir ferðamanna.
- Uppbygging á völdum stöðum hefur jákvæð áhrif á atvinnu.
- Skilgreining verndarheilda og mannvirkjabelta gæti auðveldað sátt um orkuvinnslu og atvinnuuppbyggingu sem gæti styrkt byggð í jöðrum hálendisins.
- Óbreytt stefna getur stuðlað að því að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti.
- Möguleikar á uppbyggingu ferðaþjónustu og virkjana hvar sem er á hálendinu eru skertir með stefnunni um mannvirkjabelti og heftir þannig athafnafrelsi einstaklinga og sveitarfélaga.
- Óbreytt stefna mun ekki hafa mikil áhrif á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Getur til langs tíma leitt til fábreytni atvinnulífs og minnkað samkeppnishæfni við önnur lönd t.d. innan ferðaþjónustunnar.
- Líklegt að slíkt skipulag muni hafa neikvæð áhrif á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna.
- Ekki tryggt að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti.
- Meiri uppbygging laðar að fleira fólk, jákvætt fyrir ferðaþjónustu og þann hóp ferðamanna sem vill mikla þjónustu og gott aðgengi.
- Áhersla á fjölbreytta landnýtingu fjölgar atvinnutækifærum. Frelsi til hverskonar uppbyggingar.
- Orkuvinnsla og orkuflutningur leiðir til aukinnar orkuframleiðslu og eykur möguleika á uppbyggingu orkufreks iðnaðar eða annarrar starfsemi s.s. útflutnings á orku.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Verndarsjónarmið kalla á stýringu á aðgengi. Þarf þó ekki að þýða að samgöngur og fjarskipti versni.
- Tekið yrði á utanvegaakstri.
- Lögð áhersla á látlausu ferðamannavegi. Viðheldur öræfaupplifun ferðamanna.
- Verndarsjónarmið ýta ekki undir greiðar samgöngur og takmarka þungaflutninga yfir hálandið.
- Ekki séð að víðtæk verndun sé líkleg að stuðla að því að treysta samgöngur.
- Ólíklegt er að fjarskipti yrðu eflid markvisst á svæðinu, fjarskiptafyrirtæki taka ákvarðanir um uppbyggingu þjónustu á grunni viðskiptahagsmuna.

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Núverandi stefna takmarkar lítið samgöngur á miðhálandinu og aðgengi er mikið.
- Greiðfærir sumarvegir tryggja aðgengi að hálandinu.
- Möguleiki að bæta fjarskipti þó að í raun sé óvíst um þróun fjarskipta á þessum forsendum.
- Gera verður ráð fyrir að mannvirkjabeltin tryggi samgöngur, a.m.k. um einhvers konar slagæðanet, og að fyrri hálandisvegir fylli í netið milli helstu svæða.
- Aðeins meginleiðir skilgreindar.
- Sumarvegir (vetrarlokanir) takmarka þungaflutninga yfir hálandið og takmarka tengingu byggða og bæja.
- Stefnan um mannvirkjabelti og verndarheildir heldur vegagerð á hálandinu innan ákveðinna svæða og kemur í veg fyrir að verulegar vegabætur fari fram á verndarheildum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	0
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Miklum framkvæmdum fylgir uppbygging trausts samgöngukerfis og fjarskipta. Öryggi íbúa í afskekktum byggðum gæti aukist. Aðgengi eykst. Minna ryk.
- Hugsanlega meiri uppbygging í kringum flugsamgöngur.
- Tryggir betri tengingu landshluta og fjarlæggra byggða.
- Mikil uppbygging og viðhald vegakerfisins og fjarskipta er kostnaðarsöm.

3.1.4 Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.1)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Tryggir hálandisauðlindina til framtíðar. Til langs tíma litið hagfellt fyrir byggð og samfélag að halda hálandinu sem minnst röskuðu.
- Áhersla á uppbyggingu ferðapjónustu neðan hálandismarka getur fjölgað þjónustustörfum í tilteknum sveitarfélögum sem næst eru verðmætustu náttúrusvæðum hálandisins.
- Óveruleg áhrif á samfélag og byggð, hugsanlega tekj samdráttur vegna minni og frumstæðari þjónustu við ferðamenn.
- Kallar á meiri uppbyggingu samgangna og fjarskipta í byggð.
- Takmörkun á uppbyggingu frekari virkjana á hálandi leiðir til þess að virkja verður í byggð ef auka á rafmagnsframleiðslu. Það sama á við um háspennulínur.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Óveruleg áhrif á byggð og samfélag þar sem uppbyggingu verður áfram beint á jaðar hálandisins og í byggð. Þó mun áfram verða byggð við skálasvæði og ferðapjónusta aukin á miðhálandinu.
- Hugsanlega jákvæð áhrif á byggðir austanlands með tilkomu Sprengisandslínu.
- Þanþol og sveigjanleiki til að mæta umhverfisbreytingum og breyttum þörfum samfélagsins til staðar.
- Uppbygging þjónustu nálægt byggð eflir nærsamfélagið.
- Uppbygging án kúvendinga í stefnu skapar stöðugleika.
- Óvíst að óbreytt stefna hafi mikil áhrif í aðra hvora átt á þróun byggðar til framtíðar.
- Ekki víst að jafnræði og þar með samkeppnishæfni byggða og bæja sé tryggt innan þessa skipulags.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Óafturkræfar manngerðar framkvæmdir geta dregið úr gildi svæðisins.
- Ekki líklegt til að stuðla til langs tíma að öruggri, aðgengilegri og vandaðri byggð í góðum tengslum við náttúru og umhverfi.
- Mikil uppbygging takmarkar sveigjanleika og þanþol til framtíðar.
- Hætta á ofpenslu.
- Jákvæð áhrif á samfélag og byggð þar sem atvinnutekjur af hálandinu aukast með meiri uppbyggingu og hærra þjónustustigi. Þó er ákveðin andstaða í samfélaginu gegn nánast takmarkalausri uppbyggingu virkjana og þjónustu.
- Mikil atvinnutækifæri í dreifðum byggðum til skamms tíma vegna uppbyggingar orkuvera, vega og ferðamannastaða. Líklegt að búsetuskilyrði og samkeppnishæfni byggða myndi aukast, a.m.k. til skamms tíma.
- Fjölgun ferðapjónustustaða eykur atvinnutækifærin og örvar hagkerfið.
- Hætta á vandamálum ef aðsókn ferðamanna minnkar og atvinna minnkar.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stuðlar að vernd víðerna, náttúru- og menningarminja.
- Ekki frekari stórvirkjanir eða háspennulínur á hálandinu. Ætti að koma í veg fyrir frekari neikvæð umhverfisáhrif af völdum virkjana, lóna og línulagna og kalla ekki á frekari vegagerð á hálandinu.
- Ætti að tryggja öræfakýrrð víða og hafa takmörkuð áhrif á landslag. Lágstemmdar framkvæmdir og byggingar viðhalda öræfaupplifun.
- Áhrif til góðs á umhverfi hálandisins m.t.t. andrúmslofts, ferskvatns, losunar úrgangs o.þ.u.l.
- Einfaldari ferðaþjónusta á hálandinu getur verið sjálfbær og kallar ekki á mikil inngríp í náttúruna.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Óbreytt þróun mun leiða til breytinga á miðhálandinu, s.s. skerðingar á víðernum eins og verið hefur þrátt fyrir að upphaflega hafi verið skilgreind mannvirkjabelti. Háspennulínur breyta landslagi.
- Nýjar stórar virkjanir á hálandi hvort sem um er að ræða jarðvarmavirkjanir eða vatnsaflsvirkjanir hafa neikvæð áhrif á náttúru, umhverfi og öræfayfirbragð. Loftlínur hafa neikvæð áhrif þó að þær séu lagðar um skilgreind mannvirkjabelti.
- Mannvirkjabelti kljúfa víðerni hálandisins.
- Óafturkræfar framkvæmdir geta dregið úr gildi svæðisins fyrir t.d. ferðamenn.
- Verndarheildir fríar frá meiriháttar mannvirkjagerð.
- Áfram góð tækifæri til útivistar og réttur almennings til frjálsrar umgengni um landið tryggður.
- Óvíst að óbreytt stefna stuðli að endurheimt vistkerfa.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Neikvæð áhrif á náttúru. Lífríki og yfirbragð skerðist verulega sem og víðerni. Í ósamræmi við markmið um vernd náttúru- og menningarminja og endurheimt vistkerfa.
- Raflínur/strengir geta haft sjónræn áhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.
- Hætta á umhverfis- og mengunarslysum vegna framkvæmda, fráveitna, samgangna o.s.frv.
- Fjölgun þjónustustaða fyrir ferðaþjónustu og fjölbreytt atvinnustarfsemi á hálandinu eykur álagið á viðkvæma náttúru.
- Líklegt að losun gróðurhúsalofttegunda vaxi vegna aukinna athafna á hálandinu.
- Aðgengi almennings gæti takmarkast á ákveðnum svæðum vegna uppbyggingar og nýtingar í þágu ýmiskonar atvinnurekstrar.
- Með uppbyggingu gæti aðgengi aukist og tækifæri til útivistar aukist með því.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Til langs tíma er líklegt að áhrif á ímynd Íslands meðal ferðamanna verði jákvæð og þar með sé valkosturinn jákvæður fyrir ferðaþjónustuna.
- Aukin þjónusta við hálendisbrúnina getur skapað mikla uppbyggingu á tilteknum svæðum í byggð og leitt til breytinga á skipulagi ferðaþjónustu.
- Ekki ráðist í umfangsmiklar orkuframkvæmdir. Engar frekari stórvirkjanir á hálendinu. Getur komið í veg fyrir frekari samlegð eða samnýtingu þeirra virkjana sem þarna eru fyrir.
- Takmörkuð uppbygging gæti haft neikvæð áhrif á ferðaþjónustu.
- Kallar á uppbyggingu raforkuflutnings í byggð, sem getur valdið deilum.
- Engar nýjar línur á hálendi geta dregið úr afhendingaröryggi orku.
- Ekki víst að efldir séu möguleikar græns hagkerfis og samkeppnishæfs atvinnulífs, hætta á stöðnun, þó svo að verndunarsjónarmiðin geti verið jákvæð.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Hámarks orkunýting tryggir ekki sjálfbærni orkunýtingar vegna mögulegra neikvæðra áhrifa á landslag, vatnasvið og lífbreytileika.
- Neikvætt fyrir ferðaþjónustu og ímynd landsins sem "ósnortið".
- Meiriháttar mannvirkjagerð aðeins innan núverandi mannvirkjabelta kemur í veg fyrir að hægt sé að reisa virkjanir, línur o.s.frv. hvar sem er og getur því virkað letjandi á atvinnuuppbyggingu á hálendinu.
- Almennt hefur Ísland gott orð á sér meðal ferðamanna, en ákveðnar blikur gætu verið á lofti um að það sé að breytast.
- Bygging virkjana og Sprengisandslínu eykur raforkuöryggi landsins og skapar a.m.k. tímabundna atvinnu í byggingargeiranum og getur haft jákvæð hagræn áhrif á stöðu viðkomandi sveitarfélaga.
- Gefur möguleika á umfangsmiklum orkuframkvæmdum.
- Tækifæri til þess að skapa aðstæður fyrir grænt hagkerfi og fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Hætta á að verulega aukin orkuframleiðsla spilli náttúru hálendisins.
- Getur stuðlað að massatúrisma frekar en gæðaferðamennsku; hætt við að ferðamönnum fækki til lengri tíma litið vegna þess að sérstaða landsins/hálendisins hefur verið rýrð.
- Líklega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og ímynd landsins sem áfangastaðar.
- Mögulega aukin fábreytni atvinnulífs og minni samkeppnishæfni við önnur lönd t.d. innan ferðaþjónustunnar.
- Fjölbreytt atvinnustarfsemi á hálendinu getur dregið að sér fleira fólk og skapað tækifæri í verslun og þjónustu.
- Ef allir virkjanakostir eru nýttir eykst raforkuframleiðsla. Getur skapað tækifæri fyrir nýjar atvinnugreinar í byggð og jafnvel á hálendi.
- Fjölgun raflína og rafstrengja stuðlar að meira raforkuöryggi.
- Fjölgun ferðaþjónustustaða gefur möguleika á að þróa nýjar tegundir ferðaþjónustu á hálendinu.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Rammi verður settur til að forðast árekstra milli einstakra samgöngumáta.
- Minni framkvæmdir kalla á minni þörf fyrir samgöngubætur og bætt fjarskipti.
- Óvíst um mikla uppbyggingu samgöngukerfisins.
- Óljóst er hvort þessi stefna tryggi traust fjarskipti.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á uppbyggingu	-	-	-	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Nýjar virkjanir og línulagnir auk uppbyggingar ferðamannastaða á hálandinu kalla á nýjar vegtengingar og hugsanlega bætt fjarskipti en sú uppbygging getur aðeins verið innan mannvirkjabelta.
- Gefur möguleika á samgöngubótum, án mikillar uppbyggingar.
- Ekki verður annað séð en að samgönguleiðir séu tryggar innan hálandisins miðað við óbreytt ástand.
- Setja þarf ramma fyrir ólíka samgöngumáta til að forðast árekstra.
- Ekki markviss stefnumótun um fjarskipti á hálandinu.
- Engar vetrarsamgöngur yfir hálandið.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Mikil uppbygging kallar á eflingu samgangna og frekari þróun fjarskiptakerfisins, t.d. líklegt að uppbyggðum vegum fjölgi og góðar tengingar milli sveitarfélaga verði yfir hálandið.
- Uppbyggðir vegir yfir hálandið auka öryggi íbúa á landsbyggðinni.
- Miklir landflutningar yfir hálandið auka hættu á mengunarslysum.
- Uppbyggðir vegir yfir hálandið geta orðið dýrir í rekstri og þjóðhagslega óhagkvæmir.
- Lengra vegakerfi er dýrara vegna stofnkostnaðar og reksturs, t.d. snjómoksturs.

3.1.5 Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.1)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Vel haldið utan um hálandið sem auðlind landsbyggðarinnar. Gefur mikla möguleika fyrir náttúrutengda og vistvæna ferðabjónustu.
- Áherslur á aðra ferðamáta styðja við heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl.
- Þessi stefna viðheldur nauðsynlegum sveigjanleika og þanþoli gagnvart breyttum aðstæðum, þar sem lögð er áhersla á að takmarka óafturkræfar athafnir.
- Líklegt að heildrænt skipulag samgöngukerfisins stuðli að meira öryggi.
- Ekki mikil áhrif á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni, en lokun vegslóða gæti leitt til þess að ákveðnir hópar upplifðu ferðahindranir. Lokun núverandi vega og slóða minnkar aðgengi að ákveðnum svæðum.
- Tengsl milli byggðarlaga ekki góð yfir veturinn.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	-
B. Áhersla á uppbyggingu	0	-	+	+

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Óveruleg áhrif á samfélag og byggð, sumarvegir (aðalfjallvegir) og slóðar þróaðar áfram.
- Núgildandi stefna óljós og því ekki líkleg til að hafa mikil áhrif á búsetuskilyrði.
- Óbreytt stefna er ólíkleg til þess að stuðla að jákvæðri þróun byggðar í góðum tengslum við umhverfi og náttúru. Ramminn sem settur er virðist of óljós til þess að hann geti tryggt jafnræði og samkeppnishæfni. Ómarkviss uppbygging mismunandi ferðamáta, lítið regluverk í kringum útsýnisflug.
- Ekki möguleiki á uppbyggðum vegum svo áfram verður að aka láglandisvegi til að komast á greiðan hátt milli landshluta.
- Ekki samræmt skipulag samgangna og ekki stefnumörkun um fjarskiptasamband á miðhálandinu.
- Óbreytt stefna felur í sér ákveðinn sveigjanleika og þanþol og þar af leiðandi möguleika til betri og markvissari stefnumörkunar.

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Góðir uppbyggðir vegir yfir hálandið geta stuðlað að bættum búsetuskilyrðum og aukinni samkeppnishæfni byggða og bæja um landið. Uppbygging samgönguleiða yfir hálandið getur aukið flæði milli landshluta og gæti aukið samstarf sveitarfélaga. En e.t.v. geta bættir vegir í byggð haft sömu áhrif. Bætt aðgengi að hálandinu gerir fleirum fært að njóta þess.
- Kostnaðarsamt, erfitt og hættulegt getur verið að halda vegum opnum yfir hálandið á vetrum og því ekki hægt að treysta á þessar samgönguleiðir allt árið. E.t.v. væri meiri þjóðhagsleg hagkvæmni í að bæta vegi í byggð og leggja áherslu á vöruflutninga með strandsiglingum.
- Áhersla á uppbyggða vegi á miðhálandinu gæti í reynd komið niður á öðrum samgöngum og þjónustu.
- Ekki verður séð að áherslur á mikla fjölgun uppbyggðra vega, fjölgun slóða og ótakmarkað útsýnisflug séu jákvæðar fyrir tengsl manna við umhverfi og náttúru, auki lífsgæði fólks á hálandinu og styðji við heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl, enda ljóst að með þessu mun vistspor umgenginnar þyngjast til muna.
- Mikil uppbygging og umfangsmiklar framkvæmdir minnka þanþol gagnvart umhverfisbreytingum og breyttum þörfum samfélagsins.
- Bætt fjarskipti auka öryggi ferðalanga á hálandinu.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Takmarkaðar akstursleiðir og áhersla á lokun vegslóða ættu að draga úr utanvegaakstri og þeim skemmdum sem honum fylgja. Áhersla á óuppbyggða vegi, lokun vegslóða, endurheimt víðerna og vistkerfa og stýrt aðgengi dregur úr hættu á að gengið verði á þanþol vinsælla og um leið viðkvæmra svæða.
- Stefnan stuðlar að vernd náttúru- og menningarminja og er líkleg til að styðja við jákvæða þróun á sviði almennra umhverfismála á hálandinu, s.s. hvað varðar úrgangslausun og losun gróðurhúsalofttegunda.
- Heildrænt skipulag allra samgöngukerfa ætti að draga úr álagi á náttúruna og stuðla að vernd náttúrufars, öræfakýrrðar, víðerna o.s.frv. Styður við sjálfbærar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta.
- Stefna um útsýnisflug ætti að vernda ímynd Íslands, sem ósnortins náttúruundurs.
- Ekkert fjarskiptasamband á ákveðnum svæðum eykur "wilderness"-upplifun og verndar öræfakýrrð.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Utanhald um verndun og utanvegaakstur er erfitt þar sem ekki er samræmt skipulag um alla vegi. Líkur eru á að víðerni skerðist og nýting er ekki í anda sjálfbærni.
- Stefnan felur í sér mikla uppbyggingu á mannvirkjabeltum sem rýrir óbyggðaupplifun.
- Engar takmarkanir á útsýnisflugi trufla öræfakýrrðina og geta valdið meiri slysa- og mengunarhættu.
- Skortur á samræmdri stefnumörkun um fjarskiptamál á hálandinu er líklegur til að geta haft neikvæð áhrif á umhverfi og náttúru t.d. landslag og einstök náttúruverðmæti.
- Skipulagsforsendur sem eru innan þessa valkosta eru það almennar að spjöll á umhverfi og náttúru geta orðið víðtæk og alvarleg.
- EKKI verður annað séð en að óbreytt stefna stuðli áfram að góðum tækifærum til útivistar og tryggi för fólks um landið.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	-
B. Áhersla á uppbyggingu	0	-	+	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Uppbygging vegakerfis á hálandinu raskar viðkvæmri náttúru, breytir landslagi og dregur úr upplifun af ferðamennsku í tengslum við náttúruna. Líkur eru á að gróður- og jarðvegsrof aukist. Kallar á nýjar námur sem breyta ásýnd enn frekar. Aukinn útblástur og mengun, þó dragi úr rykmengun.
- Góðir vegir um hálandið bæta aðgengi að náttúru landsins og stuðla að góðum tækifærum til útivistar, en geta hins vegar beint of mikilli umferð inn á viðkvæm náttúrusvæði. Víðerni geta skerðist.
- Bætt vegasamband og þar með aukin umferð, gott fjarskiptasamband og ótakmarkað útsýnisflug geta spilt upplifun og öræfakýrrð. Aukin mannvirkjagerð getur spilt ímynd óspilltra svæða. Betri samgöngur geta leitt til offjölgunar ferðamanna á viðkvæmum svæðum á viðkvæmum tímum.
- Útsýnisflug getur raskað öræfakýrrð, en e.t.v. mætti heimila viss svæði að uppfylltum skýrum skipulagsforsendum.
- Gott netsamband getur hjálpað til við að beina umferð inn á rétta vegi/slóðir. Gott fjarskiptasamband getur aukið öryggi ferðamanna.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Aðdráttarafli miðhálandisins án mikillar uppbyggingar og áherslu á öræfayfirbragð, dýrmæt auðlind til framtíðar og miklir möguleikar m.a. tengdir sjálfbærri atvinnustarfsemi, ævintýraferðamennsku og vistferðamennsku (e. ECO-tourism). Stuðlar að því að nýting náttúruauðlinda fari fram með sjálfbærum hætti. Stefnan rímar ágætlega við forsendur græns hagkerfis.
- Heildrænt skipulag samgöngukerfa og skýrar reglur tryggja jafnræði og samkeppnishæfni.
- Takmörkun á aðgengi heftir uppbyggingar- og atvinnumöguleika á svæðinu t.d. í orkugeiranum. Engir uppbyggðir vegir og lokun slóða geta einnig dregið úr möguleikum í ferðapjónustu.
- Stefnan getur virkað hvetjandi á ýmiskonar umhverfishæfa starfsemi t.d. innan ferðapjónustu en getur virkað hamlandi á aðra starfsemi. Takmarkanir á útsýnisflugi gætu dregið úr umsvifum slíkra fyrirtæja.
- Ekkert fjarskiptasamband á ákveðnum svæðum gæti dregið úr atvinnustarfsemi þar.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Óveruleg áhrif á virkjanir, vegir áfram lagðir í tengslum við virkjanir og flutningskerfi raforku. Óveruleg áhrif á ferðamennsku, meginþungi ferðamennsku áfram bundinn við sumarmánuðina. Lítil áhrif á sérstöðu Íslands á sviði ferðapjónustu. Aðeins sumarvegir á hálendinu draga úr möguleikum til vetrarferðamennsku.
- Óbreytt stefna stuðlar ekki að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda með markvissum hætti.
- Nokkuð jákvæð stefna m.t.t. áherslna græns hagkerfis og ágætar forsendur fyrir fjölbreyttu atvinnulífi, ekki síst innan ferðapjónustunnar. Stefna um göngu- og reiðleiðir býður upp á ferðapjónustuútgætur á slíkum leiðum.
- Núverandi vegakerfi líklega besti kostur fyrir langtíma sjálfbærni atvinnutækifæra. Sveigjanleiki stefnunnar getur aukið umsvif og atvinnu.
- Engar takmarkanir á útsýnisflugi ýta undir meiri flugþjónustu tengda hálendinu og jafnvel fjölgun lendarastaða og aukna atvinnu. Skortur á stefnu um fjarskiptasamband hefur líklega lítil áhrif á orkufyrirtæki en mögulega á ferðapjónustu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	-
B. Áhersla á uppbyggingu	0	-	+	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Stefnan getur haft jákvæð áhrif bæði á atvinnu tengda ferðamennsku og aðgengi að svæðum til orkuvinnslu. Fleiri komast á miðhálandið og unnt að skapa ný störf við fjölbreytta þjónustu og afþreyingu. Þó kjósa ekki allir ferðamenn betri samgöngur og meira aðgengi.
- Góðir vegir yfir hálendið koma til móts við breyttar þarfir samfélagsins um meiri hreyfanleika og breyttar þarfir vegna aukinnar áherslu á ferðapjónustu og skapa aðstæður fyrir samkeppnishæft atvinnulíf.
- Aukin áhersla á hraðleiðir yfir hálendið getur leitt til hignunar náttúrunnar sem er aðal ástæða fyrir heimsóknum inn á hálendið og er aðal söluvara ferðapjónustunnar. Bætt aðgengi allra getur þannig dregið úr tækifærum í ferðapjónustu.
- Uppbygging vega yfir hálendið er kostnaðarsöm. Ekki talið raunhæft að halda þeim opnum allt árið. Spurning um þjóðfélagslega hagkvæmni.
- Aukin vél- og hraðbrautavæðing hálendisins getur haft neikvæð á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar og skert tækifæri ferðapjónustunnar til langs tíma.
- Góð fjarskipti tryggja öryggi ferðamanna á hálendinu.

Miðhálandið - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Heildstætt skipulag styrkir vegakerfið, einfaldar viðhald og eftirlit og eykur öryggi vegfarenda. Engir uppbyggðir vegir kalla á minna viðhald og snjómokstur. Litill kostnaður við veghald yfir veturinn. Hreinar línur, hálendisvegir lokaðir yfir veturinn - fólk freistast ekki til að aka vanbúnum bílum.
- Ekki gert ráð fyrir uppbyggðum vegum og öðrum greiðum samgöngum, sem lengir ferðatíma. Litlir möguleikar á samgöngubótum. Fækkun vega og slóða takmarkar möguleika á ferðalögum um hálandið.
- Takmarkanir á útsýnisflugi draga úr mengunar- og slysaþættu t.d. á fjölförnum svæðum.
- Takmarkað fjarskiptasamband getur valdið óryggi fyrir ferðamenn og skapað vandræði fyrir björgunarsveitir.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Óljós stefna um vegi og ferðaleiðir getur valdið miklum kostnaði vegna viðhalds, slysa og björgunar.
- Nýjar aðstæður kalla á að skýrari stefna sé mótuð til að tryggja fjölbreyttari ferðamáta innan hálendisins og styðja við sjálfbærar samgöngur. Bæði snertir þetta ferðaleiðir sem skilja léttari vistspor eftir sig, en einnig nýja ferðamáta inn á hálandið, s.s. þyrluflug (vs. öræfakýrrð?).
- Óveruleg áhrif af uppbyggingu vega þar sem megin leiðir eru á mannvirkjabeltinu. Stefna um sumarvegi leiðir til minni kostnaðar við snjómokstur og minna viðhalds samanborið við heilsársvegi.
- Stefna um göngu- og reiðleiðir sem tengja saman byggð og hálandi eykur ferðamöguleika og öryggi í útivist og styrkir sjálfbærar samgöngur.
- Óheft útsýnisflug getur dregið úr álagi á vegakerfið.
- Stefnan gefur sveitarstjórnnum frjálst val um hvar heimiluð eru fjarskiptamannvirki.
- Engin heildarstefna um fjarskiptaþjónustu á hálandinu getur valdið því að ekkert síma- eða neyðarsamband verði á tilteknum svæðum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+/-	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	-
B. Áhersla á uppbyggingu	0	-	+	+

Valkostur B. Áhersla á uppbyggingu

- Stefnan stuðlar að auknu aðgengi og hugsanlega öruggari samgöngum. Styður við markmið um fjölbreytta ferðamáta. Bætt vegasamband milli landshluta getur bætt samskipti milli byggða og uppbyggðir vegir geta skapað mögulega á vöruflutningum milli landshluta á vissum tímum árs.
- Uppbyggðir vegir yfir hálandið geta verið varasamir og geta ýtt undir að illa búnir ferðalangar séu á ferð um hálandið í slæmum vetrarveðrum. Erfitt og dýrt getur reynst að halda slíkum vegum opnum. Þeir tryggja því ekki traustar og öruggar samgöngur milli landshluta yfir vetrartímann.
- Óvist er hvort landflutningar yfir hálandið séu vistvænn valkostur í samanburði við aðra samgöngukosti, t.d. strandsinglingar. Margir vegir á miðhálandinu og litlir peningar til að halda þeim við.
- Hjólaleiðir og aðrar vel skilgreindar ferðaleiðir geta náð hluta samgöngumarkmiðanna.
- Gott fjarskiptasamband styður tæknivæðingu nútímaþjófélagsins og tengsl við fréttaveitur og fjölskyldu. Getur einnig aukið öryggi.

3.2 Umhverfismat valkosta fyrir dreifbýli

3.2.1 Samantekt umhverfismats valkosta fyrir dreifbýli

Valkostir stefnu um byggð og samfélag	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhverfissjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	-

Valkostir stefnu um umhverfi og náttúru	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhverfissjónarmið	+	+	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostir stefnu um atvinnu og orku	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhverfissjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	+

Valkostir stefnu um samgöngur og fjarskipti	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhverfissjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Sjá skýringar við vægiseinkunnir í kafla 3.2.2-3.2.5.

3.2.2 Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.2)

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Efling lykilkjarna í hverjum landshluta getur eflt byggð og atvinnulíf í landshlutanum sem heild að því gefnu að góðar samgöngur fylgi með. Stefnan kann þó að leiða til þess að jaðarbyggðir verði enn meiri jaðarbyggðir. Góðar samgöngur og öflug fjarskiptakerfi geta vegið þar upp á móti.
- Með því að beina frístundabyggð í hverfi eru meiri möguleikar á að tryggja flóttaleiðir og brunavarnir t.d. vegna gróðurbruna.
- Stefnan er í samræmi við viðmið um góð búsetuskilyrði, tengsl við umhverfi og náttúru, heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Dreifð byggð gerir erfiðara að byggja upp góða og aðgengilega grunnþjónustu og veikir þéttbýlisstaði. Á móti kemur að möguleikar til búsetu eru fjölbreyttir, þ.m.t. möguleikar á frístundabúskap og ef fólki fjölgar í sveitum verður auðveldara að reka t.d. grunnskóla nálægt íbúum.
- Margar, smáar, dreifðar byggðaeiningar kunna að takmarka möguleika almennings til að njóta náttúru sem víðast, en dreifð búseta og frístundabyggð getur líka stutt við tækifæri til tengsla við náttúruna með því að bjóða upp á búsetukosti þar og e.t.v. bæta aðgengi með nýjum vegum.
- Í dreifðri byggð kann að vera erfiðara að tryggja öryggi íbúa m.t.t. náttúruvár og brunahættu. Dreifð byggð kann þó að stuðla að betri vöktun, þ.e.a.s. fólk býr víðar og fleiri svæði sem íbúar geta fylgst með dags daglega.
- Möguleiki landeigenda til að beita aðgangsstýringu með gjaldtöku kann að hefta aðgengi almennings. Líkur á litlum byggðaeiningum og dreifðum kann að hefta aðgengi almennings.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Samþjöppun byggðar í landshlutakjarna og önnur þéttbýli og staðsetning frístundabyggðar í hverfi á grunni landslags- og landkostagreiningar styður við öll umhverfisviðmiðin.
- Þörf á akstri milli staða verður minni og uppbyggingarsvæði verða færri.
- Auðveldara er að sinna vatns-, fráveitu- og úrgangsmálum með fullnægjandi hætti.
- Frjálst aðgengi getur þýtt ofálag á einstök svæði þannig að farið sé yfir náttúruleg og/eða samfélagsleg þolmörk. Kallar á einhvers konar stýringu til að dreifa álagi og forðast að farið sé yfir burðargetu. Frjálst aðgengi getur þó einnig þýtt betra almennt eftirlit með ástandi lands.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Dreifð búseta og frístundabyggð styður við tækifæri til tengsla við náttúruna en getur haft neikvæð áhrif á landslag, vistkerfi og náttúru- og menningarminjar. Meiri líkur á að farið sé inn á svæði sem eru verðmæt af því þau eru án mannvirkja í dag.
- Dreifð byggð getur leitt til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda vegna meiri aksturs milli staða. Á móti kemur að hún kann að stuðla að umfangsmeiri skógrækt og landgræðslu.
- Erfiðara að hafa yfirsýn yfir fráveitumál, vatnsból og vatnsgæði og stýra þeim með fullnægjandi hætti. Sama á við um úrgangsmál.
- Beiting aðgangsstýringar með gjaldtöku kann að stuðla að betra viðhaldi svæða og meiri uppbyggingu á aðstöðu fyrir almenning.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Samþjöppun þjónustu og annarrar atvinnustarfsemi og efling lykilkjarna í hverjum landshluta getur hjálpað til við að skapa fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf og getur stutt við sjálfbæra nýtingu auðlinda og grænt hagkerfi með því að bjóða upp á meiri og sérhæfðari þjónustu.
- Samþjöppun íbúðarbyggðar í núverandi þéttbýli og frístundabyggðar í hverfi styður einnig við varðveislu landbúnaðarlands og sérstöðu Íslands sem lands með stórar landslagsheildir sem virðast lítt markaðar af mannlegum athöfnum.
- Samþjöppun byggðar í kjarna býður upp á hagkvæmara orkuflutningskerfi en dreifð byggð.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Frjálsræði í skipulagi byggðar gefur möguleika á að nýta tækifæri í ferðaþjónustu víða og einnig að efla aðrar atvinnugreinar sem nýta staðbundnar auðlindir. Það getur skilað sér í fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi. Slíkt skipulag stuðlar þó ekki endilega að grænni atvinnustarfsemi. Þar sem ekki eru sterkir þjónustukjarnar eða ráðandi landshlutakjarnar getur orðið lítil fótfasta fyrir atvinnuuppbyggingu til langframa.
- Sérstaða Íslands sem lands með stórar landslagsheildir sem virðast lítt markaðar af mannlegum athöfnum getur skaðast. Beiting aðgangsstýringar með gjaldtöku kann að bæta möguleika landeigenda/rekstraraðila til að efla ferðaþjónustu á viðkomandi svæði. Gjaldtaka er hinsvegar í andstöðu við sérstöðu Íslands sem áfangastaðar, sem m.a. byggir á frjálsri för um landið.
- Dreifð byggð kallar á umfangsmeira og óhagkvæmara orkuflutningskerfi en getur líka ýtt undir sjálfbæra nýtingu staðbundinna orkuauðlinda.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Samþjöppun byggðar og atvinnulífs í kjarna skapar aðstæður til að byggja upp almenningssamgöngur, forgangsraða vegaframkvæmdum og byggja upp öflug fjarskiptakerfi. Hætta er hins vegar á að dreifðari byggðir og jaðarbyggðir sitji eftir. Samþjöppun byggðar í kjarna kallar því á góðar samgöngur og öflug fjarskiptakerfi.
- Skýrt byggðamynstur gerir auðveldara að byggja upp megin göngu- og hjólaleiðir á milli staða.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Dreifð byggð og þjónusta ýtir undir akstur milli staða, gerir erfiðara að byggja upp skilvirkar almenningssamgöngur og kallar á umfangsmeira vegakerfi. Sama á við um fjarskiptakerfi.
- Einnig kann að vera erfiðara að staðsetja og byggja upp helstu hjóla- og gönguleiðir.

3.2.3 Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.2)

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan stuðlar bæði að verndun svæða sem hafa verið skilgreind af hálfu ríkisins og annarra svæða sem leiðir til góðra búsetuskilyrða og aukinna lífsgæða. Stefnan er í samræmi við öll umhverfisviðmiðin.
- Styður við góð búsetuskilyrði með því að stuðla að því að ákvarðanir um landnotkun séu teknar á grunni góðra upplýsinga um landkosti og möguleika til nýtingar. Getur einnig stutt við þanþol gagnvart umhverfisbreytingum með að auka skjól.
- Stefnan stuðlar að þanþoli gagnvart umhverfisbreytingum með því að setja ítarlegar kröfur um vatnsgæði og úrgangsmál.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefnan stuðlar að verndun svæða sem hafa verið skilgreind af hálfu ríkisins en nær ekki til annarra svæða. Stefnan er í samræmi við öll umhverfisviðmiðin.
- Styður við þanþol gagnvart umhverfisbreytingum en ólíklegt að svo almenn opin stefna skili miklum áhrifum.
- Aukinn skógur getur bætt búsetuskilyrði með því að skapa störf og bætt lífsgæði og stuðlað að heilbrigðum lífsstíl m.þ.a. skapa fjölbreyttari aðstæður til útiveru.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan getur stuðlað að verndun fleiri svæða en þeirra sem eru á náttúruinjakrá, náttúruverndaráætlun eða fornleifaskrá. Stefnan styður við öll umhverfisviðin.
- Stuðlar að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, landslagsvernd og heilbrigði vistkerfa. Athuga þarf þó að stefnan getur breytt stórum landsvæðum, t.d. á ógrónum söndum eða auðnum eða lítt grónu landi, þ.m.t. þeim sem eru skilgreind sem víðerni. Það kunna að teljast neikvæð áhrif á landslag í einhverjum tilvikum.
- Styður við umhverfisviðmið varðandi landgræðslu og skógrækt.
- Eykur líkur á að svæði til efnistöku séu vel valin og að minjar, náttúra og landslag skaðist síður.
- Eykur líkur á að tekið sé tillit til loftslagsbreytinga en ólíklegt að hafi veruleg áhrif.
- Stefna um vatn og úrgang samræmist viðmiðum um líffræðilegan fjölbreytileika, votlendi, vistkerfi og heilsusamlegt umhverfi.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefnan stuðlar að verndun svæða sem hafa verið skilgreind af hálfu ríkisins en nær ekki til annarra svæða sem kunna að vera verðmæt. Hverfisverndun er e.t.v. ekki nógu sterk þar sem auðvelt er að breyta henni með skipulagsákvörðun. Stefnan er í samræmi við öll umhverfisviðmiðin.
- Stuðlar að verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni, landslagsvernd og heilbrigði vistkerfa.
- Stefna um landgræðslu og skógrækt - ólíklegt að almenn opin stefna skili miklum áhrifum.
- Stefna um efnistöku - ólíklegt að almenn opin stefna skili miklum áhrifum.
- Stefna um vatn og úrgang - ólíklegt að almenn opin stefna skili miklum áhrifum.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Treystir uppbyggingu græns hagkerfis með því að vernda auðlindir sem það byggir á. Verndun svæða kann að setja takmarkanir á atvinnulíf, en ekki er líklegt að það komi niður á fjölbreytni eða samkeppnishæfni. Verndun svæða getur haft jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og sérstöðu Íslands sem áfangastaðar.
- Stefna um uppgræðslu á stórum landsvæðum, t.d. á ógrónum söndum eða auðnum eða lítt grónu landi, þ.m.t. þeim sem eru skilgreind sem víðerni kann að hafa í för með sér áhrif sem teljast neikvæð á upplifun og þannig haft áhrif á ferðaþjónustu.
- Styður við verndun landbúnaðarlands og þar með landbúnaðar en hefur ekki veruleg áhrif á hann sem atvinnugrein. Stangast ekki á við önnur viðmið. Getur stuðlað að fjölbreyttari atvinnumöguleikum, þ.e. í skógrækt.
- Skilar sér mögulega í hagkvæmari efnistökusvæðum en varðar viðmiðin lítið að öðru leyti.
- Stefnan getur fækkað valkostum við uppbyggingu vegna takmarkana í skipulagi.
- Stefna um vatnsgæði og fráveitumál kann að setja takmarkanir á atvinnulíf, en ekki er líklegt að það komi niður á fjölbreytni eða samkeppnishæfni.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Verndun svæða kann að setja takmarkanir á atvinnulíf, en ekki eru líkur á að þær verði miklar eða víða ef dæma má út frá gildandi aðalskipulagsáætlunum.
- Stefnan getur aukið möguleika til framleiðslu svo sem í landbúnaði.
- Aukinn skógur getur styrkt atvinnulíf með því að skapa störf og bætt lífsgæði og stuðla að heilbrigðum lífsstíl með því að skapa fjölbreyttari aðstæður til útiveru. Skortur á heildarsýn yfir stærri svæði kann að draga úr mögulegum ávinningi.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan getur hamlað uppbyggingu vegakerfis á einhverjum svæðum en bætt göngu- og hjólaleiðir á öðrum þar sem leitast verður við að stýra umferð og bæta aðgengi og möguleika til að njóta svæðanna. Á öðrum svæðum kann að vera ástæða til að takmarka umferð verulega, a.m.k. á tilteknum tímum árs.
- Stefnan er ólíkleg til að hafa mikil áhrif á fjarskipti, en þó kunna að verða settar takmarkanir á staðsetningu fjarskiptamannvirkja.
- Uppgræðsla á sandfoksvæðum getur haft jákvæð áhrif á samgöngur.
- Markvissari vegagerð vegna efnistöku en ólíklegt að hafi áhrif á sjálfbærar samgöngur eða fararmáta.
- Stefna um vatnsgæði kann að takmarka vegagerð.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Reikna má með að byggðar verði upp göngu- og hjólaleiðir á sumum verndarsvæðum til að stýra umferð um þau og bæta aðgengi og möguleika til að njóta þeirra. Á öðrum svæðum kann að vera ástæða til að takmarka umferð verulega, a.m.k. á tilteknum tímum árs.
- Stefnan er ólíkleg til að hafa mikil áhrif á fjarskipti, en þó kunna að verða settar takmarkanir á staðsetningu fjarskiptamannvirkja.

3.2.4 Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.2)

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan styður við landbúnað og þar með búsetuskilyrði í dreifbýli og einnig sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum.
- Tryggir heildarsýn á svæði sem getur stutt við samkeppnishæfni. Net áfangastaða ferðamanna og leiða getur einnig bætt samkeppnishæfni og haft jákvæð áhrif á lífsgæði og lífsstíl íbúa.
- Stefnan stuðlar að sveigjanleika og þanþoli gagnvart mögulegri fækkun ferðamanna í framtíðinni, með áherslu á sveigjanlega notkun bygginga og vönduð vinnubrögð.
- Getur stutt við búsetu og lífsgæði í dreifbýli með því að fjölga möguleikum í atvinnulífi. Meiri fjölbreytni í því skilar sér í sveigjanleika og þanþoli gagnvart umhverfisbreytingum.
- Bætt aðgengi að orku getur stutt við búsetu og lífsgæði í dreifbýli. Dreifð orkuvinnsla í smáum skala kann að styðja við sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	+

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Mismunandi svæðisbundin áhrif eftir því hvaða möguleikar eru fyrir hendi á hverju svæði. Getur stutt við byggð með því að auka fjölbreytni í starfsemi á landbúnaðarsvæðum sem aftur stuðlar að sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum.
- Svæðisbundin áhrif af stefnu um ferðaþjónustu. Miklar breytingar þar sem eru mörg tækifæri. Uppbygging gæti orðið umfram þolmörk samfélags.
- Möguleg ruðningsáhrif og einhæfni sé ráðist í uppbyggingu stóriðju. Fjölgun starfa í stóriðju eða annarri iðnaðarstarfsemi getur þó stutt við búsetu. Áform um stóriðju kalla á heildarsýn á landshluta sem ekki er gert ráð fyrir í þessum kosti.
- Getur bætt búsetuskilyrði, lífsgæði og samkeppnishæfni svæða með betri aðgengi að orku og áherslu á verðmætasköpun.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan stuðlar að jákvæðum áhrifum á umhverfispættina. Beitarstýring getur stutt við sjálfsáningu birkis og ýtt undir sjálfræðslu lands.
- Valkosturinn stuðlar að verndun verðmætra svæða, sérkenna landslags og að ekki sé farið yfir þölmörk svæða.
- Stefnan kann að hafa neikvæð áhrif á náttúru ef ekki eru sett nánari viðmið fyrir nýtinguna, þrátt fyrir að tilgreint sé að nýtingin skuli vera sjálfbær.
- Dregur mögulega úr þörf fyrir orkuflutninga yfir lengri leiðir og því minni áhrif á landslag og náttúru en ella. Jarðstrengir hafa minni sjónræn áhrif en geta valdið talsverðu raski við ákveðnar aðstæður.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	+

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Ósamfelld mósaík í landnotkun. Lítil heildarsýn. Verndun verðmætra svæða ekki tryggð.
- Svæðisbundin áhrif af stefnu um ferðaþjónustu. Miklar breytingar þar sem eru mörg tækifæri. Uppbygging gæti orðið umfram þölmörk náttúru þar sem stefnu vantar um að tekið sé tillit til hennar.
- Iðnaðarstarfsemi og tengdar framkvæmdir gætu valdið mengun og skaðað verndarsvæði eða svæði sem hafa verndargildi.
- Stórir virkjanakostir og orkuflutningur með tilheyrandi mannvirkjagerð getur haft neikvæð áhrif á alla umhverfispættina
- Tækifæri til útivistar kunna að batna með bættu aðgengi að sumum svæðum, en á móti kemur að upplifun af náttúru hefur breyst og kann að vera neikvæð.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan stuðlar að sjálfbærri nýtingu auðlinda með áherslu á greiningu og mat á landkostum og nýtingarmöguleikum. Getur með því einnig stutt við að aðstæður skapist fyrir græna atvinnustarfsemi. Ekki sjálfgefið að stefnan leiði til fjölbreytni atvinnulífs.
- Valkosturinn stuðlar að verndun og styrkingu sérkenna svæða og þar með sérstöðu Íslands. Tryggir heildarsýn á svæði sem getur stutt við samkeppnishæfni.
- Getur stutt við græna atvinnustarfsemi og fjölbreytni og samkeppnishæfni atvinnulífs.
- Nýting orkulinda víða getur stutt við grænt hagkerfi, fjölbreytni og samkeppnishæfni. Stefnan hefur hvorki jákvæð né neikvæð áhrif á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	+

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefnan getur skilað sér í fjölbreytni atvinnulífs en ekki endilega í grænu hagkerfi og óvíst hvort hún leiðir til sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Ekki víst að gott landbúnaðarland verði verndað.
- Skortur á heildarsýn í uppbyggingu ferðaþjónustu getur haft neikvæð áhrif á sérstöðu Íslands sem áfangastaðar.
- Stóriðja getur skapað störf en haft ruðningsáhrif og leitt til einhæfni. Getur skaðað ímynd ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu.
- Möguleikar til annarrar iðnaðarstarfsemi geta stuðlað að fjölgun starfa en óvíst hvort þau verða græn.
- Stefnan getur bætt skilyrði fyrir atvinnustarfsemi, þ.m.t. græna atvinnustarfsemi og skilað sér í fjölbreytni og bættri samkeppnishæfni atvinnulífs. Sjálfbær nýting auðlinda ekki tryggð vegna opinnar stefnu.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Mögulega verður ráðist í vega- og stígagerð og bætt fjarskipti í tengslum við ferðaþjónustu og orkuvinnslu sem bætir aðgengi og samskipti.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	0	+

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Mögulega verður ráðist í vega- og stígagerð og bætt fjarskipti í tengslum við uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum, orkuvinnslu og flutning, iðnaðarstarfsemi og ferðaþjónustu sem bætir aðgengi og samskipti.

3.2.5 Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.2)

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Bættir vegir á milli landshlutakjarna og innan þjónustusvæða þeirra styður við búsetuskilyrði í þessum kjörnum og byggð næst þeim en skilar litlu til fjarlæggra jaðarbyggða sem ekki eru hluti af vinnusókn landshlutakjarna.
- Að koma skikki á slóðamál getur haft jákvæð áhrif á búsetuskilyrði og öryggi ef slóðar eru t.d. skilgreindir út frá eldvörnum. Einnig eru jákvæð áhrif á lífsgæði og lífsstíl ef skipulag bætir aðgengi að útivistarsvæðum og tækifæri til að komast í tengsl við náttúru. Skipulag á stærra svæði, t.d. á grunni landshluta, stuðlar að því að áhrifin geti orðið meiri en ella.
- Vel skilgreint stígakerfi getur haft jákvæð áhrif á búsetuskilyrði, lífsgæði og lífsstíl með því að bæta aðgengi að útivistarsvæðum og tækifæri til að komast í tengsl við náttúru, svo og bæta aðstöðu fyrir hjólandi og gangandi vegfarendur.
- Góðar almenningsamgöngur bæta búsetuskilyrði og stefnan getur mögulega skilað sér í bættum almenningsamgöngum á milli kjarna.
- Góð fjarskipti bæta búsetuskilyrði, öryggi og lífsgæði.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefna um styttingu leiða getur bætt búsetuskilyrði, lífsgæði og samkeppnishæfni. Bættir vegir eru líka öryggismál.
- Almenningsamgöngur bæta búsetuskilyrði en stefnan er ekki líkleg til að skila sér í verulega bættum almenningsamgöngum ef byggð er mjög dreifð líkt og valkosturinn gerir ráð fyrir.
- Góð fjarskipti bæta búsetuskilyrði, öryggi og lífsgæði.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefnan kann að hafa áhrif á náttúru, minjar og landslag ef gerðir eru nýir vegir. Bætt vegakerfi kann á móti að bæta tækifæri til útivistar með bættu aðgengi.
- Að koma skikki á slóðamál getur haft jákvæð áhrif umhverfispættina þar sem umferð er beint á tilteknar leiðir en aðrar lagðar af. Það að skipulagið er á grunni stærri svæða sem mynda landfræðilega og samfélagslega heild þýðir að jákvæðu áhrifin geta orðið meiri en ella þar sem mögulegt er að leggja af fleiri slóða þegar litið er til stærra svæðis.
- Vel skilgreint stígakerfi getur haft jákvæð áhrif á umhverfi og náttúru með því að stýra umferð um svæði. Það bætir einnig aðgengi að útivistarsvæðum og tækifæri til að komast í tengsl við náttúru, svo og gefa möguleika á öðrum fararmáta en akandi.
- Auknar almenningssamgöngur geta dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda ef samtímis dregur úr akstri með einkabifreiðum sem er mögulegt ef stefna um eflingu kjarna gengur eftir.
- Stefna um fjarskipti tekur mið af landslagssjónarmiðum en fjallar ekki um önnur viðmið.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Breytingar á stofnvegum kunna að leiða til neikvæðra áhrifa á alla umhverfispættina með því að hrófla við náttúru, minjum og landslagi og leiða mögulega til meiri aksturs og þar með útblásturs gróðurhúsalofttegunda. Bætt vegakerfi kann á móti að bæta tækifæri til útivistar með bættu aðgengi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna styttinga.
- Auknar almenningssamgöngur geta dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda ef samtímis dregur úr akstri með einkabifreiðum, en stefnan er ekki líkleg til að skila sér í bættum almenningssamgöngum ef byggð er mjög dreifð eins og valkosturinn gerir ráð fyrir.
- Stefna um fjarskipti tekur ekki mið af náttúruverndar- og landslagssjónarmiðum en hefur ekki sjálfkrafa neikvæð áhrif á umhverfispættina.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Stefna um bætt stofnvegakerfi styður almennt við atvinnulíf. Áhrif stefnunnar verða mest í kjörnum og næst þeim, en minni í jaðarbyggðum.
- Vel skilgreint slóðakerfi getur stutt við atvinnulíf, einkum ferðaþjónustu. Það að slóðakerfið er skilgreint með sýn á stærrri svæði bætir möguleika til að ferðast gangandi eða hjólandi á milli svæða. Viðheldur sérstöðu Íslands og styður við sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Vel skilgreint stígakerfi getur stutt við atvinnulíf, einkum ferðaþjónustu. Það að slóðakerfið er skilgreint með sýn á stærrri svæði bætir möguleika til að ferðast gangandi eða hjólandi á milli svæða.
- Góðar almenningssamgöngur geta stutt við atvinnulíf, einkum ferðaþjónustu og stefnan getur mögulega skilað sér í bættum almenningssamgöngum á milli kjarna sem valkosturinn gerir ráð fyrir.
- Góð fjarskipti bæta skilyrði fyrir hverskonar atvinnulíf og geta stuðlað að fjölbreytni þess og samkeppnishæfni.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Bætt stofnvegakerfi styður almennt við atvinnulíf.
- Góðar almenningssamgöngur geta stutt við atvinnulíf, einkum ferðaþjónustu en stefnan er ekki líkleg til að skila sér í bættum almenningssamgöngum ef byggð er mjög dreifð eins og valkosturinn gerir ráð fyrir.
- Góð fjarskipti bæta skilyrði fyrir hverskonar atvinnulíf, geta stuðlað að fjölbreytni þess og samkeppnishæfni.

Dreifbýli - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á umhverfissjónarmið

- Bætt stofnvegakerfi er liður í að styðja við fjölbreytta fararmáta og öryggi en kann að auka akstur sem styður ekki við sjálfbærar samgöngur.
- Bætt skipulag slóðakerfis getur verið liður í að styðja við fjölbreytta fararmáta og öryggi en kann að auka akstur sem flokkast ekki undir sjálfbærar samgöngur.
- Stefna um bætt stígakerfi er liður í að styðja við fjölbreytta fararmáta og sjálfbærar samgöngur. Það að stígakerfið er skilgreint með sýn á stærri svæði bætir möguleika til að ferðast gangandi eða hjólandi á milli svæða.
- Bætt almenningssamgangnakerfi er liður í að styðja við fjölbreytta fararmáta og öryggi og stefnan getur mögulega skilað sér í bættum almenningssamgöngum á milli landshlutakjarna sem valkosturinn gerir ráð fyrir.
- Góð fjarskipti stuðla að traustum samskiptum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á umhv.sjónarmið	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	0	0	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Bætt stofnvegakerfi er liður í að styðja við fjölbreytta fararmáta og öryggi en kann að auka akstur sem styður ekki við sjálfbærar samgöngur.
- Bætt almenningssamgangnakerfi er liður í að styðja við fjölbreytta fararmáta og öryggi en stefnan er ekki líkleg til að skila sér í bættum almenningssamgöngum ef byggð er mjög dreifð eins og valkosturinn gerir ráð fyrir.
- Góð fjarskipti stuðla að traustum samskiptum.

3.3 Umhverfismat valkosta fyrir búsetumynstur

3.3.1 Samantekt umhverfismats valkosta fyrir búsetumynstur

Valkostir stefnu um byggð og samfélag	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-		-	-

Valkostir stefnu um umhverfi og náttúru	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-		-

Valkostir stefnu um atvinnu og orku	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	

Valkostir stefnu um samgöngur og fjarskipti	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	-

Sjá skýringar við vægiseinkunnir í kafla 3.3.2-3.3.5.

3.3.2 Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.3)

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Valkosturinn stuðlar að góðum og hagkvæmum búsetuskilyrðum í landshlutakjörnum og nærliggjandi svæðum. Hætta á að minni þorp á jaðarsvæðum fari í eyði eða breytist í frístundabyggð/ferðapjónustu.
- Ákveðin hætta á að kjarnar verði of margir til að geta verið samkeppnishæfir.
- Stuðlar að því að nauðsynlegt þjónustustig haldist innan hvers landshluta. Þetta eykur samkeppnishæfni og hvetur til nýframkvæmda.
- Valkosturinn býður upp á sveigjanleika og þanþol þar sem atvinnustarfsemi er fjölbreytt og fjölbreyttir húsnæðiskostir í boði.
- Fjölbreytt og vönduð byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru, með aðgengi að fjölbreyttri þjónustu innan sterkra landshlutakjarna hefur jákvæð áhrif á lífsgæði og lýðheilsu. Almennt jákvætt að beina vexti innávið. Valkosturinn styður við umhverfisviðmið um gæði byggðar.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-		-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Óvissa um hvaða þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni ná yfirhöndinni og skortur á forgangsörðun atvinnusóknarsvæða og uppbyggingu innviða getur leitt til þess að dragi úr nýframkvæmdum, fjárfestingu og aðflutningi fólks.
- Sérhæfð þjónusta þrífst síður og hætta á fábreytni í samfélögum.
- Sveigjanleiki getur falist í því að minni þéttbýlisstaðir breytist í frístundabyggð og ferðamannastaði.
- Dreifð byggð almennt dýrari í uppbyggingu og rekstri. Einsleit/fábreytt hverfi og samfélög geta orðið algeng þar sem ekki er lögð áhersla á blöndun byggðar. Veik stýring fyrir markmið um vandaða byggð og heilbrigðan og sjálfbæran lífsstíl.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Með styrkingu byggðakjarna í landshlutum eykst bolmagn sveitarfélaga til varðveislu menningarminja. Vönduð hönnun sem stenst tímans tönn og virðing fyrir umhverfi og sögu (menningarminjum) eykur stöðugleika.
- Fjölbreytt og vönduð byggð í góðum tengslum við umhverfi og náttúru, með aðgengi að fjölbreyttri þjónustu innan landshlutakjarna hefur jákvæð áhrif á lýðheilsu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-		-	-

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Sterkir og fjölbreyttir þjónustukjarnar styðja frekar við viðmið um fjölbreytt atvinnulíf og sveigjanleika.
- Markviss, fjölbreytt uppbygging og blöndun byggðar og búsetuforms, í skýrt skilgreindum kjörnum býður upp á sveigjanleika og þanþol þar sem atvinnustarfsemi er fjölbreytt og nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði.
- Almennit jákvætt að beina vexti innávið m.t.t. grunnkerfa.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-		-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Þéttbýlisstaðir á landsbyggðinni, sérstaklega þeir minni, búa víða ekki yfir sveigjanleika og þanþoli m.a. vegna einsleitrar atvinnustarfsemi.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Þétt byggð innvið er hagkvæmari kostur en dreifð byggð (svo sem styttra gatna- og lagnakerfi) og dregur úr ferðum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-		-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Skortur á forgangsröðun atvinnusóknarsvæða og uppbyggingu innviða getur leitt til óvissu sem letur nýframkvæmdir, fjárfestingu og aðflutning fólks.
- Byggð dreifist á stór landsvæði. Eykur bílaumferð, sem hefur neikvæð áhrif á aðgengi og umhverfi.

3.3.3 Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.3)

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Áhrif á varðveislu byggingararfs eru ekki augljós því með þéttingu getur skapast hættu á röskun minja og að eldri byggð víki fyrir nýrri mannvirkjum, með bæði hagnaðar- og skipulagsmarkmið að leiðarljósi.
- Áhersla á blöndun byggðar dregur úr akstursþörf, hreyfing er samtvinnuð daglegum erindagjörðum og fjölpættir útivistarmöguleikar eru í almenningsrýmum, ásamt matjurtarækt innan þéttbýlis.
- Með áherslu á aðgengi að náttúru í og við þéttbýli er stuðlað að bættri líðan almennings. Vel hannað bæjarumhverfi eykur vellíðan og lífsgæði íbúanna.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-		-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Ótryggt að íbúar hafi tækifæri til að njóta menningarminja sem umhverfi þeirra hefur upp á að bjóða því mismikil áhersla er lögð á verndun og kynningu þeirra.
- Miklar vegalengdir, fólk háð því að fara akandi á milli staða. Aukin losun gróðurhúsalofttegunda.
- Takmarkaðir möguleikar til útivistar í nágrenni byggðar, nema fyrir þá sem búa í jaðri.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Með skýrum mörkum þéttbýlis, vexti inn á við og stefnu um náttúru og menningarminjar er stuðlað að vernd náttúru- og menningarminja.
- Tiltölulega þétt byggðamynstur hvetur til gangandi og hjólandi umferðar og almenningsgangna, dregur úr sóun lands, akstursþörf og losun gróðurhúsalofttegunda.
- Með þéttingu byggðar inn á við er spornað við ágangi á náttúrulegt votlendi.
- Með áherslu á menningarminjar gefst tækifæri til að skilgreina og standa vörð um svæði sem hafa verndargildi og veita almenningi aðgang að þeim.
- Áhrif á varðveislu byggingararfs eru ekki augljós því með þéttingu getur skapast hættu á röskun minja og að eldri byggð víki fyrir nýrri mannvirkjum, með bæði hagnaðar- og skipulagsmarkmið að leiðarljósi.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-		-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Meira land brotið undir dreifða byggð með auknu álagi á náttúru og búsetulandslag.
- Takmarkar möguleika til útivistar í nágrenni byggðar, nema þeirra sem búa í jaðri.
- Sterka heildarsýn skortir, umfram það sem kveðið er á um í lögum, sem dregur úr vægi verndar náttúru- og menningarminja.
- Ómarkviss útpensla þéttbýlis getur gengið á votlendi og önnur vistkerfi.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Skynsamleg nýting á landi sem uppfyllir þarfir. Sterkari heimamarkaðir fyrir matvæli geta minnkað flutningsþörf.
- Stefna um náttúru og útivist og menningarminjar styður við markmið um samkeppnishæft atvinnulíf, svo sem ferðaþjónustu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-		-

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Tiltölulega þétt byggðamynstur hvetur til gangandi og hjólandi umferðar og almenningssamgangna, dregur úr sóun lands, akstursþörf og losun gróðurhúsalofttegunda.
- Áhersla á blöndun byggðar dregur úr akstursþörf, hreyfing er samtvinnuð daglegum erindagjörðum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-		-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Miklar vegalengdir, fólk háð því að fara akandi á milli staða. Aukin losun gróðurhúsalofttegunda.
- Gatna-, vatnsveitu- og fráveitukerfi óhagkvæmara í dreifðri byggð.

3.3.4 Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.3)

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Ákveðin hættu á að einhver svæði verði of veikburða til að vera samkeppnishæf um vel menntað vinnuafli.
- Kosturinn stuðlar að verndun viðkvæmra áfangastaða ferðamanna en styrkir jafnframt þjónustustarfsemi í byggðakjörnum. Ferðaþjónusta er árstíðabundin og sveiflukennnd, en henni fylgja afleidd störf í þjónustugreinum.
- Kosturinn stuðlar að hagkvæmri nýtingu innviða, húsnæðis og þjónustu í byggðakjörnum og eykur mögulega þanþol gagnvart tímabundnum sveiflum í ferðaþjónustu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Fámennir staðir með einsleitt atvinnulíf eru viðkvæmir fyrir breytingum/samdrætti í megin atvinnugreinum.
- Dreifð uppbygging getur dregið úr bolmagni fyrirtækja og rekstraraðila til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem m.a. myndu felast í rannsóknum, greiningu og öðrum mótvægisáðgerðum.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Fyrirtæki sem byggja á hugviti og skapandi greinum krefjast síður ágengrar auðlindanýtingar og hafa síður neikvæð umhverfisáhrif.
- Uppbygging og kynning á merkjum minjastöðum vænleg aðferð til að dreifa álagi af vaxandi fjölda ferðamanna á fleiri áfangastaði. Um leið aukast atvinnutækifæri tengd ferðaþjónustu víðar um landið.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Uppbygging stóriðju og samgöngumannvirkja getur stutt atvinnulíf innan vinnusóknarsvæða en jafnframt haft neikvæð áhrif á auðlindir og umhverfi.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Stefna um fjölbreytta atvinnumöguleika sem byggja á styrkleikum og sérstöðu hvers svæðis styður við sjálfbærni kjarna.
- Styrkir þekkingu íbúa á uppruna og menningu og eykur samheldni. Líklegra að fólk með sérmenntun festi búsetu á landsbyggðinni.
- Kosturinn stuðlar að uppbyggingu áfangastaða ferðamanna, en styrkir jafnframt þjónustustarfsemi í byggðakjörnum. Ferðaþjónusta er árstíðabundin og sveiflukend, en henni fylgja afleidd störf í þjónustugreinum.
- Öruggt orkuflutningskerfi er forsenda atvinnurekstrar og búsetu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Skortur á langtímaáætlunum sem myndu auðvelda viðbrögð og mótvægisáðgerðir. Hefur neikvæðari áhrif á smærri þéttbýlisstöðum en á höfuðborgarsvæðinu sem er eitt atvinnusvæði.
- Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og styrkir grundvöll annarra þjónustugreina, en er nokkuð árstíðabundin. Vaxandi álag á vinsæla ferðamannastaði getur valdið umhverfisspjöllum og dregið úr sérstöðu landsins sem áfangastaðar.
- Skortur á almennri stefnumörkun og leiðbeiningum varðandi atvinnuuppbyggingu í ferðamannaiðnaði, s.s. hótéluppbyggingu.
- Uppbygging stóriðju og samgöngumannvirkja getur stutt atvinnulíf innan vinnusóknarsvæða.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Stefna um fjölbreytt atvinnulíf og samkeppnishæfni gera kröfu um traustar samgöngur og fjarskipti.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	

3.3.5 Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.3)

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Áhersla á almenningssamgöngur og samgöngumáta þar sem einstaklingurinn nýtir eigin orku til að koma sér á milli staða. Hefur í för með sér jákvæð áhrif á lýðheilsu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Áhersla á einkabílinn eykur mengun og getur aukið slyshættu þar sem gangandi og hjólandi þurfa oft að nálgast þjónustu yfir umferðargötur.
- Mikil bílaumferð kallar á umfangsmikil umferðarmannvirki sem geta haft neikvæð áhrif á gæði byggðar og umhverfis.
- Vegna þess hve rúmt er um umferðarmannvirki, er svigrúm til þróunar og uppbyggingar á fjölbreyttum samgöngumátum, þótt vegalengdir séu langar.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Stefna um hönnun bæjargatna og að gera akandi, hjólandi og gangandi jafnt undir höfði styður við markmið um að skipulag landnotkunar stuðli að heilsusamlegu umhverfi.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Lítill áhersla á almenningssamgöngur og aðra umhverfisvæna samgöngumáta. Stefnan styður ekki markmið um heilsusamlegt umhverfi.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Áhersla á góðar samgöngur milli byggðakjarna og byggðakjarna við þjónustusvæði sitt styður við markmið um fjölbreytni og samkeppnishæfni atvinnulífs. Traust og öflugt fjarskiptakerfi er mikilvægt til að halda uppi háu menntunarstigi og fjölbreyttu atvinnulífi.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Ófullkomnar samgöngur og fjarskiptasamband við tiltekin byggðalög getur valdið ójafnri stöðu m.t.t. samkeppnishæfni atvinnulífs.

Búsetumynstur - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á sterka kjarna

- Áhersla á almenningssamgöngur og samgöngumáta þar sem einstaklingurinn nýtir eigin orku til að koma sér á milli staða. Hefur í för með sér jákvæð áhrif á lýðheilsu.
- Auðveldara er að halda uppi fjölbreyttum ferðamátum, s.s. virkum almenningssamgöngum og sjálfbærum samgöngum innan afmarkaðra byggðakjarna /atvinnusvæða og þéttbýlissvæða. Valkostir við notkun einkabílsins eru auðveldari í þéttri og blandaðri byggð en í dreifðri byggð.
- Hætta á að einhverjir landshlutar séu of veikburða til að standa undir almenningssamgöngum.
- Stuðlar að bættum fjarskiptum þar sem einfaldara er að byggja upp ljósleiðarakerfi, vegna aukins þéttleika byggðar á afmörkuðum svæðum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á sterka kjarna	+	+	+	+
B. Áhersla á athafnafrelsi	-	-	-	-

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Styður ekki við sjálfbærar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta þar sem byggð getur orðið of dreifð til að almenningssamgöngur, hjólreiðar og aðrir valkostir við einkabílinn henti nema fáum.
- Vegna þess hve rúmt er um umferðarmannvirki, þá er svigrúm til þróunar og uppbyggingar á fjölbreyttum samgöngumátum.
- Skortur á forgangsroðun mikilvægis þéttbýlisstaða og byggðasvæða, leiðir af sér þörf á uppbyggingu og viðhaldi umfangsmikils samgöngukerfis á landsvísi, svo tryggja megi traust samskipti byggða og bæja.
- Ljósleiðarakerfi dýrara í dreifðri byggð en þéttri.

3.4 Umhverfismat valkosta fyrir haf- og strandsvæði

3.4.1 Samantekt umhverfismats valkosta fyrir haf- og strandsvæði

Valkostir stefnu um byggð og samfélag	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	+/-	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+/-	+/-	+/-	+

Valkostir stefnu um umhverfi og náttúru	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+/-
0. Óbreytt stefna	0	-	+/-	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	+/-	0

Valkostir stefnu um atvinnu og orku	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+/-	+

Valkostir stefnu um samgöngur og fjarskipti	Áhrif á byggð og samfélag	Áhrif á umhverfi og náttúru	Áhrif á atvinnu og orku	Áhrif á samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+	+

Sjá skýringar við vægiseinkunnir í kafla 3.4.2-3.4.5.

3.4.2 Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.4)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Áhrif af styrkingu á sérstöðu byggða hefur jákvæð áhrif á staðarsamfélag og búsetuskilyrði. Stuðlar að fjölbreytni og viðheldur byggðamynstri. Styður sérstöðu, búsetuskilyrði og búsetulandslag.
- Aukið aðgengi almennings að strandsvæðum og hreinn sjór hefur jákvæð áhrif á samfélag.
- Ábyrgð sveitarfélaga og svæðisnefnda á skipulagsmálum stuðlar að því að vilji íbúa á svæðinu ráði för innan þeirra viðmiða sem ríkisvaldið setur. Er líklegra til að tryggja sérstöðu.
- Varnargarðar geta viðhaldið byggð. Auknar varnir styðja markmið um að vernda núverandi strandbyggð og búsetugæði. Stuðlar að verndun búsetugæða m.t.t. öryggis. Stuðlar að verndun innviða.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	+/-	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+/-	+/-	+/-	+

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Stefna stjórnvalda í byggðamálum eins og hún birtist í stefnuskjölum stjórnvalda getur almennt haft jákvæð staðbundin áhrif. Sérstaklega í þeim tilfellum sem strandbyggðir sýna frumkvæði og eru teknar inn í verkefnið „brothættar byggðir“ á grundvelli byggðaaáætlunar 2014-2017.
- Óverulegur árangur af núverandi aðgerðum. Óvissa um áhrif til lengri tíma þar sem óljóst er hvort þær aðgerðir sem ráðist er í auki þanþol einstakra strandbyggða og hvort dreifing aðgerða dragi úr vaxtarmöguleikum á svæðisvísu.
- Einhliða aðgerðir stjórnvalda. Ómarkvissar aðgerðir sem taka ekki mið af sérstöðu samfélags. Mun ekki bæta búsetuskilyrði á þeim stöðum sem hugsanlega þyrftu aðstoð en fá ekki.
- Ekki ljóst hvort stefnan tryggir góð tengsl íbúa við umhverfi og náttúru sem styður við heilbrigðan lífstíl eða góð búsetuskilyrði.
- Lítil yfirsýn og vanþekking á staðbundnum aðstæðum eykur á hagsmunaaárekstra, glötun tækifæra til að styrkja byggð og óvissu um framtíð. Slítur tengsl samfélaga við nærumhverfi sitt. Tryggir ekki vilja íbúa um skipulag nærumhverfis.
- Áherslan er á að bregðast við áföllum þegar þau koma fram.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Öflugar byggðir með ásættanlegri þjónustu hafa jákvæð áhrif á búsetuskilyrði og samkeppnishæfni hvað varðar aðráttarafli á fyrirtæki og fyrir meirihluta íbúa. Stuðlar að mótun sterkari kjarna sem eru betur í stakk búnir að bregðast við áföllum. Getur aukið samkeppnishæfni svæða til búsetu. Getur stuðlað að aukinni og fjölbreyttari þjónustu í kjörnum. Þjónusta og byggð á brothættum svæðum getur lagst af hraðar en nú er.
- Jákvæð áhrif á byggð og samfélag að heimila aðeins nýtingu við strönd og sjó þar sem það er hagkvæmt, bætir samkeppnis-kilyrði. Það getur þó haft neikvæð áhrif á einstaka aðila.
- Skerðing á aðgengi að sjó dregur úr gæðum samfélaga.
- Eflir samfélög vegna aukinna áhrifa á nýtingu nálægðra auðlinda. Tryggir að mestu vilja íbúa á svæðinu og eflir sveitarstjórnarstigið.
- Mögulega gengið á auðlindir nágrannasamfélaga. Það að deila skipulagsábyrgð er ekki líklegt til að leiða til skýrrar ábyrgðar og skilvirkrar stjórnsýslu.
- Hefur jákvæð áhrif á öryggi í þeim byggðum sem teljast hagkvæmar og arðbærar en neikvæð áhrif á þær byggðir sem ekki uppfylla skilyrðin. Betri nýting takmarkaðra fjármuna til verndunar gegn náttúruvá.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Áhersla á sérstöðu sjávarbyggða er líkleg til þess að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja. Líklegt er að yfirvöld verji menningarminjar með öllum tiltækum ráðum.
- Vernd náttúru og auðlinda hefur jákvæð áhrif á umhverfi og náttúru, eykur möguleika til sjálfbærrar nýtingar á auðlindum til framtíðar. Jákvæð áhrif á landslag í samræmi við ákvæði landslagssamnings Evrópu.
- Stefnan er líkleg til að tryggja frjálst aðgengi almennings að strandsvæðum og sjó og vatnsgæði þessara svæða. Áhrif á aðgengi almennings er háð útfærslu.
- Ákvarðanir sem teknar eru á grunni landshlutasamtaka eru háðar þekkingarauði og fjárhagsgetu sveitarfélaga. Ef ábyrgð til skipulags á hafsvæðum næst landi eru á einni hendi er líklegt að frjálst aðgengi almennings að strandsvæðum verði tryggt. Heilnæmi drykkjarvatns tryggara þar sem ekki er hætt á að sjór flæði inn í vatns- og fráveitukerfi. Miklir varnargarðar geta verið skaðlegir fyrir lífríki, a.m.k. til skamms tíma. Stór varnarmannvirki geta haft veruleg áhrif í för með sér á landslag, umhverfi, lýðheilsu og aðgengi.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	+/-	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+/-	+/-	+/-	+

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Byggðastefnuleg sjónarmið taka ekki mið af sérstöðu sjávarbyggða. Því er ólíklegt að óbreytt stefna muni stuðla að markvissri varðveislu menningar- og náttúruminja, frjálsu aðgengi almennings að náttúru, hreinum sjó. Slík sjónarmið hafa ekki lagt áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Við núverandi aðstæður er frjáls aðgangur að hafsvæðum utan netlaga og takmarkanir á nýtingu þeirra bundnar við leyfis skyldar framkvæmdir (t.d. veiðar, efnistaka, fiskeldi), en án þess að skipulagsáætlanir liggi fyrir. Undir slíkum kringumstæðum er aðgengi almennings að strandlengju og sjó háð því hvar framkvæmdir eru. Ekki er lögð áhersla á heilnæmi sjávar.
- Ekki sérstök áhersla á að verja náttúru- og menningarminjar gegn ágangi sjávar. Varnarmannvirki geta valdið neikvæðum áhrifum á umhverfi.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Líklegt að á hagkvæmum svæðum verði frjálst aðgengi almennings að strandsvæðum og sjó og að vatnsgæði þessara svæða verði tryggt. Líklegt er að þessi gæði minnki eða glattist í óhagkvæmum sjávarbyggðum.
- Meiri möguleikar að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem varðandi sorphirðu og fráveitu.
- Líklegt er að gæði sem felast í aðgengi minnki eða glattist á þeim svæðum sem eru óhagkvæm. Minni möguleikar á fyrirbyggjandi aðgerðum í óhagkvæmri byggð.
- Sveitarfélög þekkja sérstöðu og umhverfi. Verndarsvæði eru metin að verðleikum.
- Jákvætt að byggð og mannvirki verði varin vegna hækkandi sjávarstöðu og líklegt er að sveitarfélög brýni yfirvöld til að verja menningarminjar með öllum tiltækum ráðum þar sem hagkvæmt er. Búsetu- og atvinnusöguminjar geta glattast í byggðum sem ekki uppfylla skilyrði um hagkvæmni. Varnarmannvirki geta valdið neikvæðum áhrifum á umhverfi.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Styrking sérstöðu byggða með markvissum aðgerðum getur haft jákvæð áhrif á efnahagslíf og atvinnuskilyrði. Jákvæð áhrif á samkeppnishæfni, þar sem lögð er áhersla á sérstöðu. Viðheldur atvinnustigi.
- Aukið aðgengi getur aukið möguleika ferðaþjónustunnar og stuðlað að fjölbreyttri nýtingu strandsvæða.
- Líklegra að sveitarfélög stuðli frekar að nýtingu/atvinnuuppbyggingu.
- Bygging varnarmannvirkja hefur skammtímaáhrif á atvinnulíf, helst á framkvæmdatíma og vegna viðhalds. Varnir gegn ágangi sjávar skapa ákveðinn stöðugleika í samfélaginu. Möguleg neikvæð áhrif á ferðaþjónustu vegna upplifunar.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	+/-	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+/-	+/-	+/-	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Bygðastefna er oftast en ekki viðbrögð við neikvæðri byggðapróun og ekki sjálfgefið að ætlunin sé að auka verðmætasköpun á sama tíma og dregið er úr álagi á náttúruna (sbr. grænt hagkerfi).
- Núverandi ástand hvað varðar ábyrgð á skipulagsmálum getur verið neikvætt fyrir atvinnuuppbyggingu, m.a. vegna hagsmunaárekstra og skorts á heildarstefnu á hafsvæðum. Atvinnutækifærin munu því vera færri ef þessi stjórnsýsla verður viðhöfð.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefnan hefur jákvæð áhrif á byggð þar sem möguleikar aukast á fjölbreyttara og samkeppnishæfara atvinnulífi og þanþol eykst. Kjarnar geta skapað fjölbreyttari atvinnu, samkeppnishæfni og meiri mannauð.
- Atvinnustigi og fjölbreytni getur hrakað hratt í óhagkvæmum byggðum.
- Það getur haft neikvæð áhrif á atvinnulíf og dregið úr fjölbreytileika þess að aðgengi að strandsvæðum sé takmarkað við hagkvæmni. Jafnframt takmarkar það möguleika til nýsköpunar, t.d. í ferðaþjónustu.
- Mögulega jákvætt til skamms tíma að ábyrgð á skipulagsmálum sé bæði hjá ríki og sveitarfélögum. En það gæti orðið neikvætt til lengri tíma, en háð þeirri stjórnun og eftirliti sem beitt verður (vistkerfisnálgun).
- Stefna um varnarmannvirkja hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og byggð á náttúruvársvæðum. Neikvæð áhrif á atvinnulíf í byggðum sem ekki uppfylla skilyrði og því hætt við að atvinnuhúsnæði verði fyrir skemmdum.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða byggð og samfélag, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Til að halda öllum sjávarþorpum í byggð þarf gott vega- og fjarskiptakerfi og góðar samgöngur á sjó. Til að tryggja fjölbreytta ferðamáta þarf að efla almenningssamgöngur og auka áherslu á sjóflutninga.
- Stefnan tryggir frekar að byggð verði í góðu sambandi og að varnargarðar geta varið vegi.
- Dreifðari byggð dregur úr möguleikum til hagkvæmra sjálfbærra ferðamáta og hætta er á að erfitt sé að halda úti góðum og öruggum vegum til allra smárra byggða – meiri hætta á slysum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	+/-	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+/-	+/-	+/-	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Jákvæð áhrif stefnunnar eru að sjávarbyggðir gætu notið aðgerða sem tryggja gott aðgengi að grunnkerfi samgangna á landi og á sjó og að fjarskiptaneti.
- Í megin atriðum hefur núverandi stefna ekki tryggt þessi gæði og tengsl sjávarbyggða.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Fjölmennari byggðir með fjölbreytt atvinnulíf eru líklegri til að geta boðið upp á sjálfbæra ferðamáta og staðið undir strandsiglingum. Jákvæð áhrif felast líklega í því að hagkvæmum þorpum verði tryggt gott aðgengi að grunnkerfi samgangna á landi og á sjó og fjarskiptaneti.
- Væntanlega yrði dregið úr uppbyggingu kerfis og þjónustu í óhagkvæmri byggð. Neikvæð áhrif felast líklega í skerðingu á gæðum fjarskipta og samgangna við litlu staðina.
- Stefnan stuðlar að greiðum samgöngum og fjarskiptum m.t.t. styttingar ferðatíma og stystu gagnaleiða.
- Sjálfsákvörðunarvald sveitarfélaga í að skipuleggja hafnir og siglingarleiðir innan þeirra lögsögu getur haft jákvæð áhrif á fjölbreytileika samgöngutenginga. Jákvætt fyrir samgöngur og treystir þær byggðir sem uppfylla skilyrði um hagkvæmni. Neikvætt fyrir aðrar byggðir því samgöngutengingar geta orðið fyrir skemmdum af völdum vár.

3.4.3 Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.4)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Tryggir langtímahagsmuni sjálfbærra samfélaga. Varðveisla menningar- og náttúruminja er líkleg til að stuðla að góðum tengslum íbúa við umhverfi og náttúru sem styður við heilbrigðan lífstíl. Stefnan stuðlar einnig heilnæmi sjávar.
- Líklegt að áhersla verði á að verja mikilvæg menningarmannvirki og byggð gegn ágangi sjávar. Jákvæð áhrif til lengri tíma þar sem þanþol umhverfisins eykst og viðheldur þannig auðlindanýtingu til lengri framtíðar og samkeppnishæfni byggða.
- Afmörkun svæða til verndar og nýtingar stuðlar að því að byggð geti verið í góðum tengslum við umhverfi sitt, sem styður sjálfbæran lífstíl.
- Gæti orðið erfitt aðlögunartímabil fyrir landsbyggðina ef notkun á jarðefnaeldsneyti yrði stýrt enn frekar með sköttum.

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Tilviljun háð hvort stefnan leiði til þess að íbúum verði tryggð góð tengsl við umhverfi og náttúru sem styður við heilbrigðan lífsstíl. Einnig óvissa hvort heilnæmi sjávar verði tryggt og byggð varin gegn ágangi sjávar.
- Áframhaldandi hagsmunaárekstrar sem hamla framþróun fyrir byggð og samfélög. Neikvætt að því leyti að heildarsýn og samþætta nálgun skortir við ráðstöfun svæða og úthlutun leyfa.
- Engin breyting á losun gróðurhúsalofttegunda.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+/-
0. Óbreytt stefna	0	-	+/-	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	+/-	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Jákvæð áhrif á byggð og samfélag til skemmri tíma þar sem ágeng auðlindanýting skapar atvinnutækifæri, laðar að fólk og styrkir grundvöll byggða. Flýtir fyrir ákvörðunum um nýtingu og samfélög eflast til styttri tíma litið.
- Gæti haft neikvæð áhrif á lífsgæði og útivistarmöguleika. Neikvæð áhrif til lengri tíma þar sem auðlindanýtingu er sjálfhætt þegar þær eru fullnýttar og búsetuskilyrði versna.
- Ekki sérstakar líkur á að áhersla verði lögð á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Mögulega engin breyting frá núverandi stefnu.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Áhersla á sérstöðu sjávarbyggða er líkleg til þess að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja með hliðsjón af verndargildi þeirra. Líklegt er að aðgengi almennings að náttúru verði stýrt í samræmi við verndarflokkun. Gera má ráð fyrir að áhersla verði á hreinan sjó.
- Jákvæð áhrif þar sem nálgunin tryggir viðhald lífríkisins, heilbrigði sjávar og vernd mikilvægra náttúruminja og stuðlar þannig að sjálfbærri þróun umhverfisins í víðri merkingu.
- Forsendur nýtingar eru þær að búið sé að flokka haf- og strandsvæði með tilliti til náttúrufarslegra gilda og svæði afmörkuð samkvæmt mismunandi flokkum. Líklegt er að mengunarviðmið á hverju svæði verði í samræmi við verndargildi og stefnu um t.d. líffræðilegan fjölbreytileika. Náttúran nýtur vafans.
- Áhersla verður á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en óvíst hvað varðar heildarlosun.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Óvissa eða neikvæð áhrif stefnu þar sem mat á aðgerðum eða framkvæmdum miðast við einstakar framkvæmdir á mismunandi tímum.
- Ekki markviss stefna um að meta og flokka gæði náttúru- og menningarminja. Því er stefnu um sjálfbærni ekki að öllu leyti framfylgt og líklegt að menningarleg og náttúruleg gæði láti undan á þeim svæðum sem ekki hljóta opinberan stuðning.
- Ábyrgð og eftirlit dreift, og tengt einstaka framkvæmdum sem gerir vöktun og viðbrögð við neikvæðum umhverfisáhrifum erfiðari.
- Áhersla á verndun og heilnæmi strandsvæða stýrist frekar af efnahagslegum forsendum en náttúrufarslegum verðmætum. Líkur eru til þess að stefnan leiði til ósjálfbærrar nýtingar.
- Engar breytingar hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+/-
O. Óbreytt stefna	0	-	+/-	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	+/-	0

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Líklegt er að menningarleg og náttúruleg gæði láti undan í þeim tilfellum þar sem efnahagsleg hagkvæmni byggir ekki á sérstöðu byggðarlagsins og á þeim svæðum sem ekki hljóta opinberan stuðning. Líklegt er að aðgengi almennings að haf- og strandsvæðum verði greið. Neikvæð áhrif þar sem ofnýting eyðileggur vistkerfisþjónustu og hefur þannig neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, heilbrigði sjávar o.s.frv.
- Ólíklegra að minjar verði verndaðar og tengsl íbúa við umhverfi og náttúru sem ætti að styðja við heilbrigðan lífstíl verður mögulega síður til staðar. Ekki sérstakar líkur á að áhersla verði lögð á hreinan sjó.
- Stefnan er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni ásamt því að valda auknu mengunarálagi. Líkur eru til þess að stefnan leiði til ósjálfbærrar nýtingar.
- Ekki verður ráðist í úrræði til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda umfram það sem Ísland hefur undirgengist í milliríkjasamningum. Mikil olúnotkun í fiskiskipum.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Atvinnuuppbygging sem byggir á sérstöðu svæða m.t.t. náttúruminja er líkleg til að viðhalda og efla sérstöðu Íslands fyrir ferðamenn, skapa fjölbreyttara atvinnulíf og að verðmætasköpun byggir á því að draga úr álagi á náttúruna (grænt hagkerfi).
- Afmörkun nýtingarsvæða mun stuðla að öruggara starfsumhverfi (t.d. sjókvíald) og skapa fjölbreytt atvinnulíf. Jákvæð áhrif þar sem viðhald og þanþol auðlinda stranda og sjávar tryggja áframhaldandi möguleika á nýtingu. Jákvætt fyrir sumar atvinnugreinar. Getur stuðlað að grænu hagkerfi og haft jákvæð áhrif á ímynd og samkeppnisstöðu.
- Getur komið í veg fyrir ýmiskonar atvinnuuppbyggingu og takmarkað nýtingarmöguleika. Getur dregið úr atvinnu.
- Afmörkun svæða stuðlar að sjálfbærri nýtingu og styrkir sérstöðu Íslands sem ferðamannastaðar. Þetta gæti þó orðið erfitt aðlögunartímabil fyrir sumar atvinnugreinar.
- Það gæti reynst erfitt fyrir sumar atvinnugreinar að minnka losun gróðurhúsalofttegunda en jákvætt til lengri tíma litið. Stuðlar að nýsköpun í þróun orkusparandi tækni.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+/-
O. Óbreytt stefna	0	-	+/-	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	+/-	0

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Yrði væntanlega jákvætt fyrir atvinnugreinar, þ.e. þær látnar njóta vafans oftast en ekki. Jákvæð skammtímaáhrif, en óljóst með áhrif til lengri tíma.
- Meiri líkur á hagsmunarárekstrum en með notkun haf- og strandsvæðaskipulags.
- Stefnan er ólíkleg til að viðhalda og efla sérstöðu Íslands fyrir ferðamenn. Viðheldur óöruggu starfsumhverfi (t.d. sjókvíald) og ekki líklegt til að skapa fjölbreytt atvinnulíf.
- Ekki líklegt að verðmætasköpun byggir á því að draga úr álagi á náttúruna (grænt hagkerfi). Óvissa eða neikvæð áhrif þar sem aðgengi að nýtingu auðlinda byggir ekki á jafnræðisgrundvelli heldur fyrstur kemur fyrstur fær.
- Stefna í loftslagsmálum gefur atvinnugreinum kost á að nýta hagkvæmasta orkugjafann hverju sinni.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Valkosturinn stuðlar að því að hagkvæmasti valkostur til atvinnusköpunar er nýttur og aukinni atvinnu. Afmörkun nýtingarsvæða mun stuðla að öruggara starfsumhverfi (t.d. sjókvíald) og skapa fjölbreytt atvinnulíf.
- Sjálfbærni nýtingar ekki tryggð og möguleg jákvæð skammtímaáhrif en mjög neikvæð langtímaáhrif. Stefnan er ekki líkleg til að hafa jákvæð áhrif á ímynd og markaðssetningu Íslands sem ferðamannastaðar. Ekki líklegt að valkosturinn stuðli að grænu hagkerfi eða dragi úr álagi og áhrifum nýtingar á náttúruna.
- Gefur mikil tækifæri til atvinnuuppbyggingar á svæðinu hjá atvinnugreinum sem hafa takmörkuð umhverfisáhrif.
- Möguleg neikvæð langtímaáhrif m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda. Minni afkastageta fiskistofna og nytjastofna til lengri tíma litið. Getur stuðlað að nýsköpun í þróun orkusparandi tækni, sé það hagkvæmt.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða umhverfi og náttúru, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Líklegt er að viðmiðum um sjálfbærar samgöngur og fjölbreytta ferðamáta verði náð. Á friðlýstum svæðum (t.d. við Breiðafjörð) verður ekki mögulegt að leggja vegi um fjörur. Líklegt er að samræming á heildarstjórn á siglingum leiði til upptöku orkugjafa sem dragi úr umhverfisáhrifum samgangna.
- Valkosturinn getur komið í veg fyrir hagkvæma lagningu vega og sæstrengja.
- Stefnan getur komið í veg fyrir þverun fjarða og mögulega ýmsar samgöngubætur. Innanlandsflug yrði kostnaðarsamara vegna aðgerða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+	+	+/-
0. Óbreytt stefna	0	-	+/-	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	0	-	+/-	0

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Líklegt er að markmiðum um traustar vegasamgöngur og fjarskipti verði framfylgt fyrir þær sjávarbyggðir sem njóta aðstoðar hverju sinni, en ekki heildstætt. Markmiðum um fjölbreytni ferðamáta mun líklega ekki nást. Heildstæð áætlun stjórnvalda um flutninga á sjó eru ekki til staðar. Ekki heldur um fjarskipti.
- Valkosturinn gerir ekki ráð fyrir því að markvisst verði unnið að innleiðingu orkugjafa sem draga úr umhverfisáhrifum samgangna á sjó og landi. Áhersla á styttingu vegakerfis leiðir þó til minni losunar gróðurhúsalofttegunda.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stytting vegalengda verður áhersluatriði umfram hagsmuni náttúruverndar og líklegt er að markmiðum um traustar samgöngur og fjarskipti verði framfylgt en fjölbreytni í ferðamáta muni líklega ekki nást.
- Áherslur á styttingu vegakerfis á strandsvæðum eru líklegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að viðmiðum um sjálfbærar samgöngur verði náð, miðað við núverandi aðstæður.
- Óvissa hvort áhersla verður lögð á að innleiða orkugjafa sem draga úr umhverfisáhrifum samgangna á sjó og landi.

3.4.4 Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.4)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Skipulag hafsvæða með vistkerfisnálgun hefur jákvæð áhrif á byggð og samfélag þar sem vissa er fyrir hvar og hvernig nýtingu er háttað. Það eflir strandsvæðasamfélög, skapar stöðugleika í samfélaginu og aðdráttarafli fyrir nýja íbúa og fyrirtæki. Stefnan getur hins vegar hindrað frumkvæði fyrirtækja og einstaklinga.
- Getur stuðlað að því að margar ólíkar atvinnugreinar nýti svæðin, atvinnutækifærum fjölggi og það hefur jákvæð áhrif á íbúðapróun. Eykur hagvöxt sveitarfélaga sem sinna þjónustu og getur stuðlað að íbúafjölgun eða viðhaldið íbúafjölda.
- Stefna um orkuvinnslu eflir strandsvæðasamfélög, sérstaklega þau sem ekki búa við tryggja orku í dag. Eflir byggð þaðan sem orkuvinnslan verður þjónustuð. Líkur á að áhersla verði lögð á hreinan sjó sem tryggi lýðheilsu. Hefur óveruleg áhrif á margar strandbyggðir.
- Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa eykur hagvöxt sveitarfélaga sem sinna þeirri þjónustu. Getur stuðlað að jákvæðum búsetuskilyrðum, þar sem tryggja þarf trausta innviði til að taka á móti skemmtiferðaskipum.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Áherslur stjórnvalda eru fyrst og fremst að styrkja veikar byggðir þannig að áhrif eru óveruleg á þær byggðir sem falla ekki undir skilgreininguna. Nái stefnan fram að ganga, svo sem um menntun og að styrkja innviði, verða áhrifin jákvæð á einhverjum stöðum.
- Stefnan getur leitt til hagsmunaárekstra um notkun svæða og fáir til að skera á hnútinn.
- Áhrif af stefnu stjórnvalda um orkuvinnslu er óviss þar sem stefnumarkandi áætlun vantar.
- Stórskiphafnir efla byggð þar sem slíkum höfnum verður fyrir komið. Hefur óveruleg áhrif á margar strandbyggðir. Óvissa um staðarval. Ómarkviss langtíma uppbygging og hugsanleg offjórðing.
- Álag og toppar íþyngja samfélögum við móttöku skemmtiferðaskipa. Hugsanlega óhagkvæmt eins og er og ekki skýr stefna um frekari uppbyggingu.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+/-	+

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Áhrif geta orðið jákvæð á búsetuskilyrði í einstökum byggðum og samfélögum sem fjárfestar og fyrirtæki telja vænleg til uppbyggingar. Afmörkun hafsvæða til nýtingar hafa óveruleg áhrif á byggð, nema þar sem sérstök þjónusta þarf að byggjast upp í tengslum við atvinnusvæði á hafi.
- Ef hægt verður að byggja upp eldi laxfiska á svæðum þar sem ekki er bannað að vera með eldið, getur það haft mjög jákvæð áhrif á íbúðapróun.
- Eflir byggð þar sem orkuvinnsla eða stórskiphafnir verða þjónustuð. Hefur óveruleg áhrif á margar strandbyggðir.
- Innviðir samfélaga ekki endilega tilbúnir eða nægjanlegir til að taka á móti skemmtiferðaskipum. Mikilvægt að skoða þolmörk.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stefnan gefur skýrar forsendur fyrir mat á verndargildi svæða. Áhersla á sjálfbærni er líkleg til þess að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja með hliðsjón af verndargildi þeirra. Það ætti að vera tryggt að ekki verði gengið á svæði sem eru mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika og náttúru- eða menningarminja. Afmörkun svæða ætti að tryggja tækifæri almennings til útivistar.
- Val á siglingaleiðum og móttökustöðum skemmtiferðaskipa ætti að taka mið af skilgreindum verndar- og nýtingarsvæðum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+/-	+

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Áhrif af stefnu stjórnvalda um atvinnu- og orkumál á umhverfi og náttúru á hafsvæðum eru óviss þar sem ákvarðanir byggja á pólitískum ákvörðunum og vægi umhverfisins gagnvart áherslum yfirvalda í atvinnu- og orkumálum eru mismunandi.
- Áhrif af stefnu stjórnvalda um orkuvinnslu eru óviss þar sem stefnumarkandi áætlun vantar.
- Stefnan gerir ekki ráð fyrir að hafsvæði verði metin og flokkuð út frá verndargildi. Því er ekki líklegt að val á vinnslusvæðum olíu og gass tryggi varðveislu menningar- og náttúruminja umfram það sem mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar veita. Hið sama gildir um svæði sem eru mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika.
- Stórar framkvæmdir eru líklegar til að valda neikvæðum umhverfisáhrifum.
- Ómarkviss stefna um stórskipahafnir dregur úr möguleikum á að hafa réttan búnað í öllum höfnum. Val á höfnum fyrir skemmtiferðaskip tekur ekki mið af umhverfi og sjálfbærni.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefnan er ekki líkleg til að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja eða tryggja að ekki verði gengið á svæði sem eru mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika og náttúru- eða menningarminja. Óvíst hvort almenningi verði tryggt tækifæri til útivistar.
- Óvissa um umfang uppbyggingar í tengslum við olíu og gasvinnslu. Stefnan gerir ekki ráð fyrir að hafsvæði verði metin og flokkuð út frá verndargildi. Því er ekki líklegt að val á vinnslusvæðum tryggi varðveislu menningar- og náttúruminja né að ekki verði gengið á svæði sem eru mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika og náttúru- eða menningarminja. Allar stórfamkvæmdir eru líklegar til að hafa neikvæð áhrif í för með sér.
- Óvissa um umfang uppbyggingar í tengslum við orkuvinnslu. Nýtingarsvæði verða ekki afmörkuð kerfisbundið.
- Óvissa um umfang uppbyggingar stórskipahafna. Val á stórskipahöfnum og siglingaleiðum að þeim tekur ekki mið af sjálfbærni og afmörkun verndar- og nýtingarsvæða. Því er ekki tryggt að mikilvæg hafsvæði viðhaldist m.t.t. viðgangs nytjastofna eða líffræðilegs fjölbreytileika.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stefnan ætti að gera langtíma rekstraráætlanir auðveldari. Getur stuðlað að samnýtingu svæða og þar af leiðandi ýtt undir fjölbreytta atvinnustarfsemi.
- Afmörkun nýtingarsvæða mun stuðla að öruggara starfsumhverfi (t.d. sjókvíaelði) og skapa fjölbreytt atvinnulíf. Atvinnuuppbygging sem byggir á sérstöðu svæða m.t.t. náttúruminja er líkleg til að viðhalda og efla sérstöðu Íslands fyrir ferðamenn, skapa fjölbreyttara atvinnulíf og að verðmætasköpun byggir á því að draga úr álagi á náttúruna.
- Móttaka skemmtiferðaskipa getur stuðlað að nýsköpun í ferðaþjónustu og fjölbreyttari atvinnustarfsemi í viðkomandi sjávarbyggðum og nágrenni.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+/-	+

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Valkosturinn styður ekki við langtíma atvinnuuppbyggingu. Án heildarskipulags hafsvæða er ólíklegt að sérstöðu Íslands fyrir ferðamenn verði viðhaldið. Áhrif af stefnu stjórnvalda á atvinnu og orkumál eru óviss þar sem stefnumarkandi áætlun vantar um hvar hverri atvinnugrein er best fyrir komið og leyfilegt umfang og fyrirkomulag hennar.
- Olíu- og gasvinnsla skapar ný störf, en talsverð óvissa er um hvar og hvernig verði að því staðið. Áhrif af stefnu stjórnvalda um orkuvinnslu á hafi er óviss þar sem stefnumarkandi áætlun vantar.
- Ómarkviss langtíma uppbygging stórskipahafna og aðstöðu til móttöku skemmtiferðaskipa og hugsanleg offjárfesting.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefnan hefur mögulega jákvæð skammtímaáhrif en mjög neikvæð langtímaáhrif. Í strandbyggðum þar sem nýting auðlinda (fiskveiðar, fiskeldi, orkuvinnsla o.fl.) er arðbær og stöðugt ástand eru áhrifin jákvæð á atvinnulíf.
- Möguleg jákvæð skammtímaáhrif, svo sem fjölgun starfa á svæðum sem þjóna olíu- og gasvinnslu. Ný atvinnugrein og eykur því fjölbreytni starfa. Mögulega neikvæð langtímaáhrif, ef ekki er um sjálfbæra vinnslu að ræða. Getur valdið talsverðum hagsmunaárekstrum við aðrar atvinnugreina s.s. ferðaþjónustu.
- Uppbygging stórskipahafna hefur líklega jákvæð áhrif til skamms tíma. Ný atvinnugrein og hún getur valdið talsverðum hagsmunaárekstrum við aðrar atvinnugreinar s.s. ferðaþjónustu.
- Möguleg jákvæð skammtímaáhrif af stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa en mjög neikvæð langtímaáhrif. Mikið álag vegna ferðamanna í nágrenni við hafnarsvæði.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða atvinnu og orku, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stefnan hefur jákvæð áhrif þar sem öruggar siglingaleiðir hafa verið skilgreindar með hliðsjón af annarri notkun. Miklar kröfur um helgunarsvæði getur dregið úr möguleikum siglinga (ferðaþjónustu) á svæðinu.
- Móttaka skemmtiferðaskipa kallar á mannvirki í samgöngum og fjarskiptum sem geta nýst annarri starfsemi. Álag á innviði getur aukist tímabundið á þeim stöðum sem ákveðið er að hafa móttökustaði skipa.

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Stefna stjórnvalda um að styrkja atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni og að styrkja uppbyggingu innviða í því samhengi hefur jákvæð áhrif á landsbyggðina.
- Áhrif af stefnu stjórnvalda um orkuvinnslu er óviss þar sem stefnumarkandi áætlun vantar.
- Áhrif stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa er nokkuð óljós.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+/-	+

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Ómarkviss langtíma uppbygging, hugsanleg offjárfesting í innviðum. Strandbyggðir og hafnarbæir sem ekki eru álitlegir frá sjónarhóli markaðarins er hætt við að staðna eða hnigna og því eru áhrifin neikvæð. Valkostur mun væntanlega hafa jákvæð áhrif á samgöngur þar sem hagkvæm staðsetning fyrir landtengda þjónustu hafnsækinnar starfsemi mun kalla á bætтар samgöngur á landi og legi.
- Fjölbreytt nýting svæða heimilar siglingar í nágrenni við fljótandi mannvirki í sjó. Lágmarka stærð helgunarsvæða til að hefta sem minnst siglingar á svæðinu.
- Getur orðið til þess að bæta samgöngur og fjarskipti til og frá svæðum sem þjónusta olíu- og gasvinnslu.
- Uppbygging stórskipahafna getur aukið hagkvæmi vöruflutninga til og frá landinu.
- Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa þrýstir á um ákveðnar samgöngubætur og bætt fjarskipti.

3.4.5 Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti (sjá lýsingu á valkostunum í kafla 2.4)

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stefna um hafnir og siglingar hefur jákvæð áhrif á þær byggðir sem verða útnefndar sem hagkvæmar og heppilega staðsettar. Störfum mun fjölga og búsetuskilyrði batna.
- Óveruleg áhrif á þeim stöðum sem þessi uppbygging á sér ekki stað og neikvæð áhrif á þær byggðir sem hafa sinnt þessu hlutverki en tapa stöðu sinni þar sem aðrar byggðir eru taldar heppilegri og hagkvæmari.
- Góðar samgöngur gera byggðir að áhugaverðari búsetukosti.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
O. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+	+

Valkostur O. Óbreytt stefna

- Skortur á stefnu stjórnvalda um hvar staðsetja eigi stórskiphafnir og aðrar minni hafnir og tilviljanakennd uppbygging er líkleg til að valda óvissu og jafnvel neikvæðum áhrifum á byggð og samfélag.
- Byggðir keppast við að byggja upp hafnaraðstöðu en verða ekki endilega besti kostur til lengri tíma lítið og það er líklegt til að valda neikvæðum áhrifum á samfélag og efnahag.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Stefna um hafnir og siglingar er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á byggðir og samfélög og bætir búsetuskilyrði, alla vega til skemmri tíma. Óvissan liggur í að ekki er líklegt að allir staðir lifi af þó innviðir hafi verið styrktir og því er hættu á neikvæðum efnahagslegum áhrifum á samfélag í heild sinni.
- Stefna um flutningsleiðir raforku og fjarskipta er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á byggðir og samfélag, alla vega til skemmri tíma en neikvæð efnahagsáhrif ef þanþol byggðarinnar hrynur.
- Gott fjarskiptasamband gerir byggðir að áhugaverðari búsetukosti.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Markviss og hagkvæm uppbygging hafnarmannvirkja og tengdra innviða í tengslum við strandsiglingar er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og náttúru þar sem færri staðir verðir undir álagi vegna athafnanna. Óvissan liggur í hvernig brugðist verður við þegar þolmörkum umhverfisins er náð á viðkomandi stöðum. Færri, stærri og sérhæfðari hafnir væru væntanlega betur búnar mengunarvarnabúnaði.
- Áhrif stefnu um flutningsleiðir raforku og fjarskipta eru bæði jákvæð og neikvæð. Afmarkað svæði fyrir sæstrengi til landsins dregur úr umhverfisáhrifum, en lagning strengja yfir fjörur og leirur hefur neikvæð áhrif um umhverfi og náttúru.
- Þverun fjarða við vegagerð kann að hafa óafturkræf áhrif.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Tilviljanakennd uppbyggingu hafna og strandsiglinga er líklegri til að valda óverulegum eða neikvæðum áhrifum á einstaka stöðum.
- Óvissa um áhrif flutningsleiða raforku og fjarskipta, þar sem ekki liggur fyrir stefna um slíkt.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Fleiri og lengri siglingaleiðir munu hafa neikvæð áhrif á loftgæði miðað við núverandi eldneytisnotkun farskipa. Dreifð uppbygging og viðhald hafna og vega vítt og breitt um landið er líkleg til að valda meiri loftmengun og vera efnahagslega íþyngjandi til lengri tíma. Áhrifin verða líklega óveruleg á umhverfi og náttúru þar sem hafnarstarfsemi dreifist á hafnarbæina og því má vænta minna álags á hverjum stað, alla vega til skemmri tíma.
- Stefna um flutningsleiðir raforku og fjarskipta getur valdið miklu álagi á umhverfi. Fleiri lagnaleiðir eru líklegri til að hafa neikvæð áhrif á botnlíf sjávar og lífríki á grunnsævi og í fjörum í fyrstu en ætti að jafna sig að mestu með tíð og tíma.
- Þverun fjarða við vegagerð er áhættusöm og mun oftast hafa óafturkræf áhrif.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Stefna um hafnir og siglingar eykur hagkvæmni og valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð áhrif m.t.t. atvinnu á stöðum og nálægum svæðum þar sem kjarnar hafna- og strandsiglinga verða staðsettir. Óviss eða neikvæð áhrif geti orðið á þeim staðum sem missa spón úr aski sínum.
- Stefna um flutningsleiðir raforku og fjarskipta getur haft mjög jákvæð áhrif á atvinnulífið vegna aukins afhendingaröryggis.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf á stöðum þar sem hafnir eru styrktar og forsendur skapast fyrir strandsiglingar. Ómarkviss stefna stjórnvalda gæti þó haft þau áhrif að ný uppbygging á nálægum hentugri stað dragi úr jákvæðum áhrifum á stöðum sem þegar hafa byggt upp hafnaraðstöðu.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Styrking innviða er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf, sérstaklega í til skemmri tíma. Ef hafnarþjónusta dreifist á flestar eða allar hafnir í landinu mun umfang hafnarþjónustu í hverri höfn vera tiltölulega lítið og því hafa óveruleg áhrif á atvinnulíf.
- Öflugar fjarskiptatengingar ættu að hafa jákvæð áhrif og auka möguleika til atvinnusköpunar um allt land.
- Bættar samgöngur styðja við atvinnulífið og nýsköpun.

Haf- og strandsvæði - umhverfismat valkosta sem varða samgöngur og fjarskipti, framhald

Valkostur A. Áhersla á verndun

- Með stefnu um hafnir og siglingar er stuðlað að samkeppnishæfara flutningskerfi og lægri flutningskostnaði.
- Valkosturinn er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu samgangna á sjó og fjarskipta. Jafnframt mun valkosturinn hafa jákvæð áhrif á vegasamgöngur þar sem fáar og stórar hafnir kalla á gott vegasamband og lenda þar með á forgangslista í úthlutun fjármagns. Á móti er hætt við að minni áhersla verði lögð á uppbyggingu samgangna við aðra staði.
- Líklegt er að samræmd heildarstjórn á siglingum leiði til upptöku orkugjafa sem dragi úr umhverfisáhrifum samgangna. Sjóflutningar á fáar en stórar hafnir stytta leiðir landflutninga á þá staði sem höfnin þjónustar. Líklegt er að viðmiðum um sjálfbærar samgöngur verði náð. Góðar ferjusamgöngur verði þar sem það á við.
- Það dregur oft úr kostnaði við flutning raforku og vegna fjarskipta að leggja sæstrengi yfir firði.
- Stefnan gæti útilokað vegi um fjörur og kosti á þverun fjarða á einstökum svæðum. Mögulegt að valkostir um hámarks styttingu vegalengda náist ekki á slíkum svæðum.

Valkostir	Áhrif á			
	byggð og samfélag	umhverfi og náttúru	atvinnu og orku	samgöngur og fjarskipti
A. Áhersla á verndun	+	+/-	+	+
0. Óbreytt stefna	0	-	0	0
B. Áhersla á athafnafrelsi	+	-	+	+

Valkostur 0. Óbreytt stefna

- Uppbygging hafnarmannvirkja þrýstir á um bættar samgöngur á land í nálægð við viðkomandi hafnir. Líklegt er að hafnir fyrir strandsiglingar verði fáar og staðsetning ráðist af mismunandi hagsmunum flutningsaðila.
- Óvíst er hvort strandsiglingum verði haldið úti á forsendum flutningsaðila, en stjórnvöld hafa ekki markvissa stefnu um upptöku orkugjafa sem dragi úr umhverfisáhrifum samgangna. Líklegt er að viðmiðum um sjálfbærar samgöngur verði að einhverju leyti náð og tryggji markmið um fjölbreytta ferðamáta.

Valkostur B. Áhersla á athafnafrelsi

- Fleiri og lengri siglingaleiðir munu hafa neikvæð áhrif á loftgæði miðað við núverandi eldneytisnotkun farskipa. Stefnan mun stuðla að fleiri kostum um samgöngur á hafi og mögulega dregur úr þörf á landflutningum um langan veg á þá staði sem hafnirnar þjónusta. Því er líklegt að viðmiðum um sjálfbærar samgöngur verði náð varðandi landflutninga en óvissa er um hvort þessu fylgja aðgerðir sem leiða til upptöku orkugjafa sem dragi úr umhverfisáhrifum samgangna.
- Áhersla á styttingu ferðatíma með því að þvera firði við vegagerð dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Styttri vegalengdir draga einnig úr flutningskostnaði.

Viðauki – Þátttakendur í faghópum

Faghópur um hálendi

Andrés Arnalds

Birna Björk Árnadóttir

Guðrún Halla Gunnarsdóttir

Jakob Gunnarsson

Ólöf Ýrr Atladóttir

Pétur Ingi Haraldsson

Snorri Baldursson

Kristveig Sigurðardóttir, hópstjóri

Faghópur um dreifbýli

Auður Sveinsdóttir

Árni Ragnarsson

Björn Helgi Barkarson

Björn Traustason

Karl Benediktsson

Ólafur Brynjar Halldórsson

Ragnhildur Sigurðardóttir

Rut Kristinsdóttir

Matthildur Kr. Elmarsdóttir, hópstjóri

Faghópur um búsetumynstur

Birna Baldursdóttir

Hlynur Torfi Torfason

Hrafnkell Proppé

Kristinn Magnússon

Málfríður K. Kristiansen

Sigríður Björk Jónsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Helga Bragadóttir, hópstjóri

Faghópur um haf- og strandsvæði

Aðalsteinn Óskarsson

Dagný Arnardóttir

Hafdís Hafliðadóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson

Sigríður Kristinsdóttir

Sólveig Rósa Ólafsdóttir

Valdimar Gunnarsson

Vignir Albertsson

Stefán Gunnar Thors, hópstjóri

Heimildir

Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2013). *Viðhorf ferðamanna á miðhálandi Íslands*. Sótt 28. júlí 2014 af http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/vidhorf_ferdamanna_a_midhalendi_islands.pdf.

Skipulagsstofnun. (2012a). *Greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála*. Sótt 13. júní 2014 af http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/Greinargerð_um-stodu_og_throun_skipula_uppfaert_eft.pdf.

Skipulagsstofnun. (2012b). *Yfirlit um stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum sem varða landnotkun*. Sótt 13. júní 2014 af http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/Yfirlit_um_stefnu_stjornvalda_lokagerd_uppfaerd_ef.pdf.

Skipulagsstofnun. (2012c). *Umhverfisskýrsla landsskipulagsstefnu 2013-2024*. Sótt 13. júní 2014 af http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/Umhverfisskyrsla_landsskipulagsstefnu_med-uppfaedr.pdf.

Skipulagsstofnun. (2012d). *Greinargerð um stöðu haf- og strandsvæðaskipulags*. Sótt 13. júní 2014 af http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/greinargerdl_skipulag_haf_og_-strand_drog_utgafa_4_jan2013_med_breytingum.pdf.

Skipulagsstofnun. (2014a). *Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026*. Sótt 13. júní 2014 af [http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-\(2\).pdf](http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/LSK1526_Lysingu_lokaskjal_m_Kapu_20140218-(2).pdf).

Skipulagsstofnun. (2014b). *Um skipulag haf- og strandsvæða; Löggjöf, lykilhugtök og stjórnæki*. Sótt 13. júní 2014 af <http://www.skipulagsstofnun.is/media/pdf-skjol/Um-skipulag-haf--og-strandsvaeda-lokautgafa.pdf>.

Umhverfisráðuneytið og Skipulagsstofnun. (1999). *Miðhálandi Íslands: Svæðisskipulag 2015*.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2013). *Áherslur umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir gerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026*. Sótt 28. júlí af http://www.landsskipulag.is/media/landsskipulagsstefna/UAR_25_okt_2013_landsskipulagsstefna_2015_2026.pdf

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2014). *Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting; Áfangaskýrsla, mars 2014*. Sótt 1. júní 2014 af http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/sk140324_landnotkun_afangaskyrsla.pdf.

Þingskjal 1087 (2012-2013). Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2013–2024. 623 mál. Sótt 23. júlí 2014 af <http://www.althingi.is/altext/141/s/1087.html>.